



Aspirnar féllu

Óhætt er að segja að mál málanna í síðustu viku hafi verið aspirnar við Austurvegin. Það var byggt á mati frá bæði lögreglu og Vegagerðinni að þær stefndu öryggi gangandi vegfarenda í hættu og yrðu þess vegna að vikja. Margir voru sammála og aðrir ósammála eins og gengur. Slæðingur af fólki safnaðist saman þegar verið var að taka aspirnar niður og sumir létu í ljós skoðanir sínar á málinu. Þó var einn einstaklingur sem kvaddi aspirnar með virktum og þakkaði þeim fyrir þjónustu við bæjarbúa. Mynd: Dagskráin/GPP

Loftgæðamælingar við Selfoss vegna eldgoss

Umhverfisstofnun fór þess á leit við sveitarfélagið í sumar að fá að koma upp loftgæðamælum á Selfossi sem lið í því að þetta net loftgæðamæla vegna eldgossins í Geldingadölum.

Umhverfisnefnd sveitarfélagsins tók málið fyrir á fundi sínum í júní og fól mannvirkja- og umhverfissviði að finna þeim hentuga staðsetningu.

Nú eru tveir mælur komnir upp og mælingar hafnar sem eru í nær-rauntíma og uppfærast á 10 mín. fresti.



Annar mælir brennisteinsdíoxíð (SO₂) og brennisteinsvetni (H₂S). SO₂ kemur m.a. upp í eldgosum en H₂S er t.d.

helsta mengunaefnið sem kemur frá jarðhitavirkjunum. Þannig að þessi mælir mun koma til með að gefa upplýsingar um

styrk H₂S á Selfossi sem berst frá Hellisheiðar- og Nesjavalla-virkjunum.

Hinn er svifryksmælir. Hann mælir svifryk í þremur mismunandi stærðarflokkum, PM₁₀, PM_{2,5} og PM₁. Svifryk getur átt margskonar uppruna, gosmóðan margumrædda er t.d. fint svifryk en einnig kemur svifryk frá umferð og svo auðvitað frá jarðvegsfoki.

Hægt ert að nálgast upplýsingar úr mælunum á vefsíðunni loftgaedi.is.

Allir á kjörstað

Á laugardaginn verða kjörstaðir opnaðir og almenningur gengur til kosninga. Á heimasíðu Þjóðskrár geta einstaklingar sem hafa kosningarrétt flett upp hvar þeir eigi að kjósa. Nú er um að gera að fjölmenna á kjörstað og nýta atkvæðaréttinn.



**Fáðu
fagmann
í verkið**



**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



**FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA**

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

SPUNALÍN

Hör og lífrænar vörur fyrir heimili á www.spunalin.is

Sigalda 4 og Efri-Rauðalækur hljóta umhverfisverðlaun Rangárþing ytra

Árlega veitir Umhverfisnefnd Rangárþingis ytra umhverfisverðlaun að undangengnum tilnefningum frá íbúum sveitarfélagsins. Þar er leitað að stöðum sem þykja til fyrirmyndar og eru öðrum hvatning að fallegu umhverfi.

Fjölmargar tilnefningar bárust en í ár kom það í hlut íbúa

að Sigöldu 4, þeirra Bjarna Gunnarssonar og Ólínu Magnýjar Brynjólfssdóttur að hljóta umhverfisverðlaun Rangárþingis ytra 2021 fyrir vel hirtan garð og snyrtilegt umhverfi. Einnig voru það bændurnir að Efri-Rauðalæk, þau Guðmundur Björgvinsson og Eva Dyröy sem hlutu viðurkenningu fyrir snyrtilegt

umhverfi á Efri-Rauðalæk.

Formaður Umhverfisnefndar, Hjalti Tómasson, afhenti umhverfisverðlaunin fyrir hönd umhverfisnefndar, núna í vikunni. Klukkublóm á Hellu sá um verðlaunin.

Rangárþing ytra óskar öllum innilega til hamingju með verðlaunin.

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir

Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)



Bjarni Gunnarsson og Ólína Magný Brynjólfssdóttir að Sigöldu 4 hlutu verðlaun fyrir vel hirtan garð og snyrtilegt umhverfi.



Bændurnir að Efri-Rauðalæk, þau Guðmundur Björgvinsson og Eva Dyröy sem hlutu viðurkenningu fyrir snyrtilegt umhverfi á Efri-Rauðalæk.

Penninn Eymundsson opnar á Selfossi

Ný verslun hefur opnað að Brúarstræti 6 í nýja miðbænum á Selfossi

Við bjóðum alla Sunnlendinga, jafnt einstaklinga sem fyrirtæki, velkomin og hlökkum til að eiga við ykkur farsælt og ánægjulegt samstarf í ykkar heimabyggð!

penninn.is
540-2316 / 540-2050

selfoss@penninn.is
penninn@penninn.is

PENNINN Eymundsson

BUXNADAGAR

TILBOÐ Á ÖLLUM BUXUM

TIL 29. SEPTEMBER

LINDIN

TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800



FRAMSÓKN VILL

- 60.000 kr vaxtarstyrk fyrir hvert barn
- Þrepaskipt tryggingagjald
- Létta á litlum og meðalstórum fyrirtækjum
- Afnáam eftirlaunaaldurs - aldur skiptir ekki máli
- Tryggja frjálsa för almannaréttar á hálendinu
- Að sveitarfélög fari með skipulagsvaldið á hálendinu
- Segja upp tollasamningi við ESB



Við ætlum greiða hærri barnabætur til fleiri fjölskyldna



- **650 þúsund krónur** er upphæðin sem meðalfjölskylda á Íslandi fengi út úr barnabótakerfi Samfylkingarinnar á ári. Reiknaðu þínar barnabætur inn á xs.is/reiknivél
- **Öfluga heilbrigðisþjónusta** í heimabyggð
- **Alvöru aðgerðir** í loftslagsmálum
- **Fáum sjúkrabyrli** á Suðurland
- **Betri samgöngur** - betra líf!
- **Stórbætum kjör** eldra fólks og öryrkja



SUÐURKJÖRDÆMI



Oddný G. Harðardóttir



Viktor Stefán Pálsson



Guðný Birna Guðmundsdóttir



Inger Erla Thomsen



Friðjón Einarsson



Anton Örn Eggertsson



Margrét Sturlaugsdóttir



Davíð Kristjánsson



Siggeir Fannar Ævarsson



Elín Björg Jónsdóttir



Óðinn Hilmisson



Guðrún Ingimundardóttir



Hrafn Óskar Oddsson



Hildur Tryggvadóttir



Friða Stefánsdóttir



Eggert Arason



Sigurrós Antonsdóttir



Gunnar Karl Ólafsson



Soffía Sigurðardóttir



Eyjólfur Eysteinnsson



Verið velkomin á kosningaskrifstofu okkar að Eyrarvegi 15b, Selfossi

Nemendur FSu sækja Gullkistuna heim



Eitt af markmiðum Gullkistunnar á Laugarvatni er að miðla þeirri sköpun og menntun sem þar býr út í samfélagið. Gullkistan hóf starfsemi sína árið 2009 í íbúðum á Laugarvatni og ári síðar einnig í Eyvindartungu sem er síðasti bærin áður en komið er inn í þorpið. Árið 2014 flutti Gullkistan í eigið húsnæði sem áður kallaðist Tjaldmiðstöðin. Að þessu leyti er Gullkistan skóli eða alþjóðlegt skólasamfélag og kennararnir ekki af verra taginu, prófessorar, lektorar og dósentar við háskóla víða um heim.

Að jafnaði dvelja á Gullkistunni fjórir til sex listamenn (og fræðimenn) í mánuð eða lengur. Þörfin fyrir stað af þessu tagi er talsverð og á sér hliðstæðu út um allan heim. Listamenn þurfa nefnilega næði (og sérherbergi eins og Virginia Woolf skrifaðu um) til að skapa því oft er nauðsynlegt að fara að heiman og út í heim til þess að sinna

þeirri sköpun. Rithöfundar og myndlistarmenn af öllu tagi, ljósmyndarar, tónskáld, tónlistarmenn og kvikmyndagerðar-fólk svo nokkuð sé nefnt sækja Gullkistuna heim og bera henni sérlega gott vitni. Frá stofnun hafa dvalið á Gullkistunni tæplega sex hundruð listamenn.

Gullkistan er eini dvalarstaðurinn af þessu tagi á öllu Suðurlandi en finna má sam-bærilega staði víða annars staðar á Íslandi. Starfsemin er eingöngu rekin fyrir eigið fé en viðburðastyrkir hafa komið frá Uppbyggingarsjóði Suðurlands og koma þeir að hluta til mótis við kostnað sem fylgir hinum ýmsu uppákomum. Engir rekstrarstyrkir eru í boði á Suðurlandi eins og í öðrum landshlutum fyrir sambærilega starfsemi.

Listamenn koma og fara og reglulega eru haldin opin hús og námskeið fyrir almenning sem auglýst eru á fésbókarsíðu Gullkistunnar og víðar. Alltaf er

skrefið stigið lengra og nemendum úr leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum boðið að koma í Gullkistuna á námskeið í skapandi greinum eða listamenn þaðan fara til nemenda og inn í skólana.

Föstudagsmorguninn 17. september kom hópur nemenda úr Fjölbautaskóla Suðurlands í Gullkistuna til að njóta leiðsagnar fjögurra rithöfunda (og háskólakennara) í skapandi skrifum. Dveljandi leiðbeinendur á Gullkistunni voru Robert Fanning, Liza St. James, Jennifer Bartlett og Remy Pincumbe, öll menntuð í skapandi skrifum, háskólakennarar í bókmenntum og rithöfundar. Kunnáttu þeirra í kennslu var algjörlega á pari við skáldskaparlist þeirra og ekki stóðu nemendur FSu sig síður, því áhuginn á viðfangsefninu var gagnkvæmur og kraftmikill.

-jöz

Nýtt deiliskipulag fyrir Stöng og Gjána tekur gildi

Nýtt deiliskipulag fyrir Stöng og Gjána í Þjórsárdal hefur tekið gildi. Skipulags-svæðið er í tvennu lagi; annars vegar Stöng og nágrenni og hins vegar Gjáin. Fyrirhugað er



að stækka núverandi hús, sem byggt var yfir rústir Stangarbæjarins. Sunnan Rauðar hafa verið útbúin bílastæði, gerð göngubrú yfir Rauðá, áningarstaður norðan hennar og stígur fyrir hreyfihamlaða að Stangarbænum. Salernishús og geymsla verða byggð við bílastæðið.

Deiliskipulag fyrir Gjána gerir ráð fyrir stíg fyrir hreyfihamlaða frá Stöng að Gjánni. Gerð verður hringleið um Gjána með brúm yfir ár og læki ásamt útsýnispöllum/áningarstöðum. Einnig tröppustígur í Gjána að austanverðu.



Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er Steinn Vignir.

Í fyrsta lagi þá langar mig að benda á að þrátt fyrir ítrekað suð í vini mínum og ritstjóra Dagskrárinnar, Gunnari Páli Pálssyni, þá hef ég ekki verið tilnefndur í gegnum klíkuskap, heldur vinskap.

Í öðru lagi vil ég þakka Rebekku Stefánsdóttur vin-konu minni og morðingja kærlega fyrir tilnefninguna.

Nú skulum við elda mat sem hentar vel fyrir haust. Íslenskt grænmeti og tuddi úr haga og fyrir komandi lægðagang er þessi eldamennska upplögð.

Osso Bucco Bein á gati – Fyrir fjóra

Skanki af nauti, sagaður í 5 cm sneiðar. A.m.k. ein steik á mann. (Frammíkal: Vilt og alið á Hellu græjar þetta eftir pöntun) 1dl hveiti Salt og pipar Smjör og olía

Þurrkið steikurnar með tissjú og saltið og piprið ríkulega. Veltið því næst steikunum upp úr hveiti og leggið í brenn-heita feitina (smjórið og olían) í stórra pönnu. Lokið ketinu á alla kanta, fáeinar mínútur á hverri hlið og færið í djúpt eldfast mót og látið hvíla. Í guðanna bænum geymið feitina í pönnunni þangað til í næsta skrefi.

1 stór laukur
3 hvítlauksgeirar
2 stíklar sellerí
3 gulrætur
Ferskar kryddjurtir;
rósmarín, timían, steinselja
1 Stout bjór,
t.d. Lava frá Ölvisholti
½ ltr. essential
cuisine nautasoð

Ég skora á Aðalheiði Ólafsdóttur, yngri systur mína og nautnasegg.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



½ ltr. kóla drykkur
½ ltr. rauðvín
(m.v. venjulega 750 ml flösku eru 2 lítil glös eftir í flöskunni sem kokkurinn ræður hvort hann drekkur með matseldinni eða með matnum. Bæði fullkomlega skiljanlegt.)
½ ltr. vatn
Salt og pipar
Feitina
50 gr. tómátþúrur
400 gr. maukaðir tómatar

Grænmetið skal saxað niður smátt og steikt við miðlungs-hita í stórum potti með feitinni. Saltið og piprið og bætið svo öllum vökvum og tómátþúrrunni og maukuðu tómötunum í pottinn og hleyp-ið á suðu. Bindið kryddjurtirnar saman og bætið út í og því næst er innihaldi pottsins varlega hellt yfir vel hvílt kjötið og ætti vökvinn að hylja kjötið. Mótinu er stungið inn í forhitaðan ofn á 140°C í fjórar klukkustundir og eftir það ætti grænmetið að vera mauksóðið og kjötið einu stoppi frá því að breytast í kæfu. Með Osso Bucco er gott að borða kartöfl-umús úr spánnýju gullauga og góðu brauði.

Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Ármann Dalmannsson
Útg. Bókautgáfan SKRUDDA

Um mig snældur öðru hvoru eru að snúast.
Ég varð góða Baldri að bana.
Úr brúnni skamma ég hásetana.



Svar við gátu í blaði 2615: TRÖÐ
1. Fjár-/örtröð - 2. Heimreiðartröð - 3. Martröð

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi,
Eyravegji 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson,
sími 856 0673, gunnar@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi.
Upplag 5.300 eintök. Allt efni og auglýsingar
berist fyrir hádegis á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur
austan Hellisheiðar. Dagskráin
er aðili að samtökum bæjar-
og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X





Kæru Sunnlendingar

Það hefur verið mér sönn ánægja að ferðast um kjördæmið og ræða við ykkur svo mörg undanfarna mánuði. Ég hef fundið samhljóm með ykkur um okkar hjartans mál. Við erum sammála um nauðsyn þess að stórefla heilbrigðisþjónustu óháð efnahag og búsetu og þið getið treyst að fyrir því mun ég berjast af krafti á Alþingi Íslendinga.

Við erum líka sammála um að efla velsæld fólks og fyrirtækja. Það gerum við með lægri sköttum og álögum og minna regluverki. Aðeins þannig blómstrum við öll.

Ég óska eftir stuðningi ykkar til að leiða Sjálfstæðisflokkinn til sigurs hér í kjördæminu sem er lykilforsenda þess að hægt verði að mynda öfluga ríkisstjórn sem hefur raunverulegan styrk til að hrinda okkar góðu stefnumálum í framkvæmd. Setjum X við D á laugardaginn.

Guðrún Hafsteinsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi

Kjósum
land tækifæranna

D



Gönguhópur

Fyrsta ganga haustins verður 16. september. Mæting er hjá horninu og Grænumörk 5, kl. 10.

Eins og venjulega mun Guðmundur Tyrfingsson sjá okkur fyrir bílferðum á göngustaði og aftur til baka, okkur að kostnaðarlausu. Munum grímuskyldu í bílnum. Það verður spritt í bílnum til að hreinsa alla snertifleti.

Ég hlakka til að sjá ykkur öll aftur.

Þórunn Guðnadóttir, göngustjóri.

ÞJÓNUSTUVÆÐUM HEILBRIGÐISKERFIÐ

2. sæti Suðurland
Þórunn Wolfram
Pétursdóttir

1. sæti Suðurland
Guðbrandur
Einarsson

Sigurður Ingi

Fjárfestum í heilbrigði

Bækur hafa bjargað mér frá félagslegum uppákomum segir lestrarhesturinn Hrönn Sigurðardóttir Erludóttir

Hrönn Sigurðardóttir Erludóttir er fædd og uppalin á Selfossi. Hún bjó í Reykjavík í nokkur ár en flutti síðan aftur á Selfoss. Hrönn er menntaður bókasafns- og upplýsingafræðingur frá Háskóla Íslands og vinnur á besta vinnustað í heimi að eigin mati, Skólasafni Sunnulaekjarskóla.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er að lesa bækurnar *Sjáandinn* eftir Stephen King og *Snerting* eftir Ólaf Jóhann Ólafsson, báðar afskaplega góðar og ég mæli heilshugar með þeim. Síðan er ég að hlusta á *Before We Were Yours* eftir Lisu Wingate á Audible sem ég ætla svo sannarlega að vona að verði þýdd fljótlega svo að sem flestir geti notið þeirrar bókar. Það sem vakti áhuga minn á þessum bókum var að vinkonur mínar voru að lesa þær og mæltu með þeim. Annars verð ég alltaf svolítið skelkuð þegar ég les Stephen King eftir að hann hræddi mig svakalega með bókinni *Visn-aðu*. Hef ekki lesið hræðilegri bók um ævina.

Hvers konar bækur höfðu til þín?

Allskonar bækur höfðu til mín en þó mest spennubækur, sögulegar skáldsögur og bækur um tímaflakk.

Ertu alin upp við lestur?

Mamma og pabbi lásu og lesa bæði, þannig að ég er svo sannarlega alin upp við lestur og bækur hafa fylgt mér frá því áður en ég man eftir mér. Mamma segir mér að í æsku hafi ég alltaf verið með bók í höndunum og lesið hástöfum upp úr henni, jafnvel áður en ég kunni almennilega að tala. Mín elsta minning er frá því að ég sat á eldhúsgólfinu heima og var að lesa fyrir mömmu úr ljóðabókinni *Segðu það börnum, segðu það góðum börnum* sem var uppáhaldsbókin mín á þeim tíma. Mamma var eitt-hvað að sýsla við eldaveilina og Eygló, elsta systir mín, sagði mér, um leið og hún gekk hjá, að ég sneri bókinni vitlaust. Þetta var svona aha moment, augnablikið þar sem ég áttaði mig á því að það skipti máli í hvaða átt er lesið og að bækur



Hrönn Sigurðardóttir Erludóttir

ættu að snúa einhvern veginn. Mig langar að nota þetta tækifæri og senda það út í alheiminn að ef einhver á þessa bók; *Segðu það börnum, segðu það góðum börnum* eftir Stefán Jónsson og langar að gefa mér hana þá yrði ég voða þakklát. Pabbi las fyrir mig í gamla daga og ég man sérstaklega eftir þegar hann las bókina um *Alfinn álfakonung* vegna þess að mér fannst hún svo hræðileg. Þarna hefur mögulega kviknað áhugi minn á spennubókum. Það er eitthvað kitlandi við að lesa hrylling. Magga systir mín, las líka fyrir mig í æsku og það var hún sem kenndi mér að lesa þegar ég var cirka fimm ára, sem var talsvert afrek þar sem hún er bara tveimur árum eldri en ég. Magga hefur enda alla tíð verið afar lausnamiðuð. Eftir það las ég allt sem ég komst yfir. Meðal annars allar bækurnar eftir Enid Blyton og Astrid Lindgren og bækurnar *Trygg ertu Toppa* og *Sörli sonur Toppu*. Á þessum árum máttu börn bara taka eina bók á dag á bókasafninu en ef ég fann fleiri bækur sem mig langaði að lesa þá faldi ég þær bara á bak við ævisögur í fullorðinsdeildinni og gekk svo að þeim vísnum daginn eftir.

Segðu frá lestrarvenjum þínum.

Ég les alltaf ef ég á lausa stund. Það er frábært að geta horfið smástund frá amstri dagsins inn í þá ævintýraveröld sem bækur bjóða upp á. Ég les á hverju

kvöldi áður en ég fer að sofa og ég er alltaf með bók í töskunni enda hafa bækur bjargað mér frá mörgum félagslegum uppákomum.

Áttu þér uppáhaldshöfund?

Ég á mér marga uppáhaldshöfunda, Ólafur Jóhann Ólafsson, Jón Kalman Stefánsson, Bergþóra Snæbjörnsdóttir, Stephen King og Jodi Picault eru þau sem koma fyrst upp í hugann en ég er ábyggilega að gleyma mörgum sem eru ofarlega á lista hjá mér.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Bækur hafa oft og íðulega rænt mig svefni. Í fljótu bragði man ég eftir að bækurnar *Á ég að gæta systur minnar* eftir Jodi Picault og *Svínshöfuð* eftir Bergþóru Snæbjörnsdóttur héldu fyrir mér vöku því ég sneri þeim við um leið og ég var búin með þær og byrjaði strax aftur. Einnig hélt *Húsið á ströndinni* eftir Daphne Du Maurier fyrir mér vöku en hún fjallar einmitt um tímaflakk.

Hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Það er góð spurning. Mig myndi langa mest til að skrifa barnabækur en það er ekkert grín að skrifa góða barnabók sem hittir í mark þannig að ef það gengi ekki upp þá væri plan B að skrifa sögulega skáldsögu.

Umsjón með Lestrarhestinum hefur Jón Özur Snorrason

Gengið til kosninga um sveitarfélagið Suðurland

Alls geta 3.453 einstaklingar kosið um sameiningartillögu um sveitarfélagið Suðurland sem fer fram samhliða Alþingiskosningum sem fram fara næstu helgi. Gengið verður til kosninga um það hvort íbúar séu samþykkir sameiningu 5 sveitarfélaga. Þau eru

Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps. Íbúar hafa verið haldnir í öllum sveitarfélögunum þar sem áætlanirnar hafa verið kynntar og íbúar fengið að spyrja og viðra skoðanir sínar.





1. sæti
Hólmfríður Árnadóttir



2. sæti
Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

Hólmfríði og Heiðu á þing!

Það skiptir máli
hver stjórnar



VINSTRI GRÆN

XV
25. sept.



Hafdis Hrönn

Er ekki bara best að kjósa Framsókn?

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 15. september 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Jórvík.

Markmið breytingarinnar er að bæta nýtingu byggingarlands og innviða en minnka vægi bílastæða og umferðar á svæðinu. Tillagan gerir ráð fyrir nýtingarhlutfall einstakra fjölbýlishúsa verði hækkað og heimilaður verði aukinn fjöldi íbúða á svæðinu. Fjöldi íbúða á svæðinu mun fjölga úr 144 í 228.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting liggur frammí til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is.

Tillagan er auglýst með athugasemdafresti frá 22.09.2021 til og með 03.11.2021. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 03.11.2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is.

Virðingarfyllst,
Anton Kári Halldórsson
skipulagsfulltrúi.

Sveitarfélagið Árborg - Heilsueflandi samfélag

Sveitarfélagið Árborg gerðist formlega aðili að Heilsueflandi samfélagi þann 20. maí 2019 þegar Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, og Alma D. Möller, landlæknir, undirrituðu samning þess efnis í íþróttahúsinu Iðu á Selfossi.

Með undirskrift samnings um Heilsueflandi samfélag einsetja sveitarfélög sér að vinna markvisst lýðheilsustarf, í samræmi við markmið og leiðarljós Heilsueflandi samfélags með stuðningi frá Embætti landlæknis og öðrum sem að starfinu koma. Í markvissu lýðheilsustarfi er bilið á milli gagna, stefna og aðgerða brúað með því að nota lýðheilsuvísa, gátlista og önnur gögn til að meta stöðuna og forgangsraða í samræmi við þarfir hvers samfélags.

Með þátttöku í verkefnum mun Sveitarfélagið Árborg vinna með markvissum hætti að því að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa. Hreyfing, geðrækt, næring og almenn lífsgæði verða í forgrunni í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum sveitarfélagsins sem um leið tengist innleiðingu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Í sveitarfélaginu hefur verið starfræktur starfshópur frá árinu 2019 sem hittist að jafnaði einu sinni í mánuði. Í maí á þessu ári var ráðinn inn lýðheilsufulltrúi tímabundið út árið 2021 til að sinna verkefnum tengdum lýðheilsu og Heilsueflandi samfélagi.

Hvað er Heilsueflandi samfélag?

Heilsueflandi samfélag er heildræn nálgun sem Embætti landlæknis vinnur að í samstarfi og samráði við sveitarfélög, opinberar stofnanir, frjáls félagsamtök o.fl. Heilsueflandi samfélag byggir fyrst og fremst á forvarna-

starfi og er lykilhlutverk í slíkri stefnumótun byggð á heilsu og líðan allra íbúa samfélagsins. Með heilsueflandi samfélagi er ekki verið að ýta undir boð og bönn heldur að gefa fólki möguleika á fjölbreyttara vali í heilsueflingu og á sama tíma gefa sveitarstjórnendum tækifæri til að huga að stærri þáttum er koma að rekstri og skipulagsmálum sveitarfélaga.

Leiðarljós Heilsueflandi samfélags eru eftirfarandi:

- Virk þátttaka samfélagsins í heild, þ.m.t. hagsmunaaðila úr öllum geirum
- Starfið byggir á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma
- Valda ekki skaða (DO NO HARM)
- Jöfnuður til heilsu með almennum aðgerðum og aðgerðum sem taka mið af þörfum viðkvæmra hópa
- Sjálfbærni, leggja áherslu á að skipuleggja starf og árangur til lengri tíma

Í Heilsueflandi samfélagi er heilsa og líðan allra íbúa í fyrirrúmi í allri stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum og allir hafa hlutverk. Unnið er með áhrifaþætti heilbrigðis og vellíðanar, s.s. félags-, efnahags- og menningarlegar aðstæður, manngert og náttúrulegt umhverfi til að skapa sem ákjósanlegastar aðstæður í lífi, leik og starfi fyrir fólk á öllum æviskeiðum.

Holla valið þarf að vera eins auðvelt og kostur er s.s. að hreyfa sig, borða hollt, rækta geðið og ástunda grænan lífsstíl á sama tíma og spornað er gegn áhættu hegðun s.s. neyslu tobaks, áfengis og annarra vímuefna.

Þar að auki er stuðningur við starf Heilsueflandi leikskóla, grunnskóla og fram-

haldsskóla mikilvægur liður í starfi Heilsueflandi samfélags.

Forvarnir og þverfaglegt samstarf

Heilsueflandi stefnumótun ýtir undir þverfaglegt samstarf hagsmunaaðila innan sveitarfélaganna sem ætti að efla og auka við þekkingu og fræðslu þegar til lengri tíma er litið. Mikilvægt atriði í þeirri vegferð er að samþætta sjónarmið lýðheilsu og forvarna inn í alla ákvarðanatöku og útfærslu verkefna bæjarins. Sveitarfélögin bera mikla ábyrgð þegar kemur að því að veita íbúum þjónustu. Stofnanir innan sveitarfélagsins bera ábyrgð á menntun og fræðslu til barna og því mikilvægt að byrja forvarnstarf snemma. Við vitum að forvarnstarf virkar, það er langlaup sem kostar oft blóð, svita og tár. Mikilvægt er að hafa hugfast að forvarnstarf tekur breytingum, áherslur breytast með aukinni fræðslu og þekkingu sem vísindasamfélagið færir okkur með rannsóknunum á hinum ýmsu sviðum. Góð þverfagleg teymisvinna, samskipti og fræðsla er hornsteinn árangurs í verkefnum sem þessum.

Sveitarfélagið Árborg er heilsueflandi, fjölskylduvænt og framsækið sveitarfélag í stöðugri þróun og örum vexti. Markmiðið er að í Árborg þróist til framtíðar samfélag sem er enn öflugra og heilbrigðara öllum til heilla. Við erum stolt af því vera þátttakandi í þessu verkefni og vonumst til að vera hvarning fyrir önnur fyriræki og stofnanir innan Árborgar að taka þátt og hoppa á lestina.

Allar fyrirsurnir og ábendingar sem tengjast lýðheilsu og Heilsueflandi samfélagi sendist á dianag@arborg.is.

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar,
Díana Gestsdóttir,
lýðheilsufulltrúi í
Sveitarfélaginu Árborg.

Bakkastofuhjónin heimsækja dagdvöl aldraðra í Árborg

Það er fátt meira gefandi en að hitta mann og annan með samveru, sögum og söng og það vita þau sem standa að dagdvöl aldraðra í Árborg.

Til að mæta þeim þörfum, lögðu þau Ásta Kristrún og Valgeir frá Eyrarbakka upp á Selfoss á fund með þessu góða fólki. Þar heilluðust þau bókstaflega af þeirri einstöku og vönduðu aðstöðu sem ný samkomusalurinn í Árbliki er og hve vel er haldið utan um starfsemina hér í Árborg.

Til skemmtistundarinnar komu bæði þátttakendur í starfi Vinaminnis og Árbliks. Ekki skemmdi það fyrir hve lifandi og gefandi viðbrögð áheyrenda voru við sögustund Ástu Kristrúnar og undir söng Valgeirs, en þá var ýmist kyrrað eða klappað við taktinn.

Þegar formlegri dagskrá lauk var boðið í heljarinnar vöflukaffi þar sem áfram var haldið að spjalla. Kaffisamsætið leiddi þá til frjórra frásagna á báða bóga sem uppljóstruðu ýmsum afar áhugaverðum tengingum við fortíðina.

Í lok heimsóknar smelli Sindri Mjólnir, samstarfsmaður Bakkastofuhjónanna, mynd af þeim Valgeiri og Ástu ásamt Katrínu Ósk Þorgeirsdóttur forstöðumanni dagdvalar aldraðra í Árborg.

Á meðan var Katrín Ósk spurð hverju heimsókn sem þessi skilaði hennar fólki og hún svaraði þá svo til:

„Það er alltaf vel þegið og skemmtilegt að fá uppbrot á deginum og við leitumst við að hafa slíkt að staðaldri. Heimsókn sem

þessi lyftir sannarlega lund okkar allra, með sögum úr héraði og tónlist Valgeirs sem flest okkar fólk þekkir, er einkar skemmtileg og upplífandi.“

www.bakkastofa.com og á Facebook.





MIÐFLOKKURINN

XM | Við höfum alltaf staðið föst fyrir og gerum það áfram!

Miðflokkurinn stendur vörð um fullveldið,
samgöngur, íslenskan landbúnað og hafnar
hugmyndum um hálendisþjóðgarð.

Íþróttir

EHF European Cup:

Strákarnir hjá Selfossi áfram í Evrópu

HANDBOLTI Selfyssingar léku um helgina tvo leiki í Tékklandi við KH ISMM Koprivnice í EHF European Cup. Fyrri leikinn unnu Selfyssingar, 25-31, og seinni leikurinn endaði með jafntefli, 28-28. Samanlögð úrslit því 53-59 Selfyssingum í vil.

Fyrri leikurinn fór fram á laugardag og byrjuðu Selfyssingar af miklum krafti og skoruðu fyrstu fjögur mörkin áður en Tékkarnir náðu að svara. Þessi munur hélst á liðunum þar til Selfyssingar gerðu sig líklega til að stinga endanlega af og voru komnir með sjö marka forystu í hálfleik, 12-19. Litlar sveiflur urðu í leiknum þó að Koprivnice hafi aðeins minnkað muninn, lokatölur 25-31. Sex marka forysta þýddi að Selfyssingar gátu farið heldur afslappaðri inn í seinni leikinn en annars.

Mörk Selfoss: Einar Sverrisson 7, Ragnar Jóhannsson 6, Hergeir Grímsson 5/4, Atli Ævar Ingólfsson 4, Gunnar Flosi Grétarsson 3, Ísak Gústafsson 3, Alexander Már Egan 2 og Richard Sæþór Sigurðsson 1. Varin skot: Vilíus Rašimas 12.

Seinni leikurinn var leikinn á sunnudag. Fyrri hálfleikur var í nokkuð góðu jafnvægi, heima-menn með frumkvæðið stóran hluta en Selfyssingar héldu þó alltaf í við þá og staðan jöfn í hálfleik, 14-14. Það hitnaði aðeins í kolunum í síðari hálf-



Það var hart barist í Tékklandi og þá sér í lagi í seinni leik liðanna, Ísak Gústafsson lét það ekki stöðva sig frekar en liðsfélagar hans. Ljósmynd: KH Koprivnice/Ivan Pilát

leik, meiri læti í áhorfendum og styttri þráðurinn á leikmönnum. Erfiður dagur á skrifstofunni hjá dómurum leiksins. Þrátt fyrir það var ekki mikill munur á liðunum þar til að Selfyssingar fengu þrjár brottvísanir á innan við einni mínútu. Á þeim kafla náðu Koprivnice þriggja marka forystu, 25-28. Þeir skoruðu hins vegar ekki fleiri mörk síðustu tíu mínútur leiksins og Selfyssingar gerðu gott jafntefli, 28-28.

Mörk Selfoss: Ragnar 7, Her-

geir 7/1, Atli Ævar 5, Alexander Már 3, Ísak 2, Richard Sæþór 2, Einar og Haukur Páll Hallgrímsson 1. Varin skot: Vilíus 12 og Sölvi Ólafsson 2.

Þar með er ljóst að Selfyssingar komast í aðra umferð í EHF European Cup. Mótherji Selfyssinga þar verður liðið RK Jeruzalem Ormož frá Slóveníu. Ormož er lítill falllegur bær í norðaustur hluta Slóveníu, alveg við landamæri Króatíu.

-Umf. Selfoss/árg



Fljúgandi byrjun í Grillinu

HANDBOLTI Stelpurnar hófu keppni í Grill 66-deildinni á sunnudag þegar þær lögðu HK U í Kórnum, 26-29.

Bæði lið áttu í vandræðum með að skora fyrstu mínúturnar, en Selfyssingum gekk þó betur og voru komnar í 0-2 eftir fimm mínútna leik. Selfyssingar juku forystuna og um miðbik fyrri hálfleiks leiddu þær 5-9. Á nokkrum mínútum náðu heimakonur að jafna metin áður en gestirnir náðu að svara og staðan í hálfleik 12-14.

Síðari hálfleikur hófst með svipuðum hætti og sá fyrri, bæði lið í hálfgerðu basli að skora, sterkur varnarleikur í fyrirrúmi. Leikurinn var í járnum og á 43. mínútu var staðan jöfn, 18-18.

Selfyssingar stígu þá á bensín-gjöfina og náðu mest fimm marka forystu, 20-25 þegar sjö mínútur voru eftir. HK svaraði með áhlaupi en náðu ekki að brúa þetta bil. Lokatölur 26-29.

Mörk Selfoss: Tinna Sigurrós Traustadóttir 10/6, Elín Krista Sigurðardóttir 6, Roberta Strope 5, Emilía Ýr Kjartansdóttir 4, Elínborg Katla Þorbjörnsdóttir 2, Inga Sól Björnsdóttir og Tinna Soffía Traustadóttir 1. Varin skot: Mina Mandić 12.

Úrslitin þýða að Selfoss er strax komið á blað í deildinni. Næsta verkefni hjá stelpunum er á morgnu, fimmtudag, en þá fara þær í Árbæinn og etja kappi við lið Fjölnis/Fylkis

-Umf. Selfoss/árg

Selfyssingar enduðu í áttunda sæti

KNATTSPYRNA Selfoss tapaði 0-1 á heimavelli gegn Fjölni í lokaumferð Lengju-deildar karla á laugardag.

Fjölnismenn skoruðu eina mark leiksins um miðjan seinni hálfleik í annars mjög bragðdaufum leik.

Selfoss endaði í áttunda sæti deildarinnar með 24 stig.

Gary Martin var markahæstur Selfyssinga í sumar og á lokahófi deildarinnar var hann valinn besti leikmaður tímabilsins.

-Umf. Selfoss



Gary Martin. Ljósmynd: Fótbolti.net/Haflíði B.

Fimmtugasta og sjöunda starfsárið að fara af stað

Fimmtugasta og sjöunda starfsár Karla kórs Selfoss er að hefjast núna í lok september. Boðað er til kynningar-kvölds fyrir nýja félaga mánudaginn 27. september kl. 20:00 og í framhaldi af því verður fyrsta æfing kórsins. Eru því bæði nýir og eldri félagar hvattir til að mæta þetta kvöld. Verkefnaval vetrarins er ekki endanlega ákveðið, en þar verða trúlega í bland eldri og þekkt karla kórs-lög og svo ný verk, útsett af stjórnanda kórsins; Skarphéðni Þór Hjartarsyni. Píanóleikari kórsins verður, eins og undanfarin ár, Jón Bjarnason organisti í Skálholti.

Æft verður á mánudagskvöldum í félagsheimili kórsins að Eyravegi 67, Selfossi, kl. 20:00-22:30.

Aðalfundur Karla kórs Selfoss var

haldinn 13. september sl. og þar var stjórn kórsins endurkjörin, en formaður hans er Ómar Baldursson.

Jólatónleikar

Að venju verða jólatónleikar á dagskrá kórsins og er sérstaklega leitast við að hafa þá hátíðlega og um leið skemmtilega. Væntanlega verður sungið í Selfosskirkju og Skálholtskirkju um miðjan desember. Aðgangur að jólatónleikum er eins og fyrr ókeypis og allir velkomnir.

Starfið á nýju ári

Fastur liður í starfsemi Karla kórs Selfoss undanfarin ár eru herrakvöld um miðjan janúar. Þar gæða kórfélagar og gestir þeirra sér á sviðum og saltkjöti. Á útmánuðum einbeita söngmenn sér svo



að undirbúningi vortónleika sem skv. venju hefjast á sumardaginn fyrsta í Selfosskirkju, en kórinn mun væntanlega syngja á fernum vortónleikum í lok apríl og byrjun maí 2022.

Allt fer þetta samt eftir framvindu

heimsfaraldursins, sem sett hefur alla félagsstarfsemi úr skorðum undanfarin tæp tvö ár. En með bjartsýni í huga er vonast til að þessi áform um starfsemi Karla kórs Selfoss á komandi mánuðum geti gengið eftir. – Sjáumst hressir 27. sept. nk. -VBr.



Flokkur Fólksins

XF

Brjótum múra bætum þjónustu!

Flokkur fólksins krefst þess að yfirvöld hætti strax
að veikja heilbrigðisþjónustuna á landsbyggðinni.

- Nýtum fullbúnar skurðstofur!
- Leyfum konum að fæða í heimabyggð!
- Burt með biðlista!



Ásthildur Lóa Þórsdóttir

Oddviti í Suðurkjördæmi

Georg Eiður Arnarson

2. sæti í Suðurkjördæmi

Elín Fanndal

3. sæti í Suðurkjördæmi

Sigrún Berglind Grétarsdóttir

4. sæti í Suðurkjördæmi

Settu X við F – fyrir þína framtíð!

Róðurinn var erfiður en undursamlegur

segir Heimir Pálsson fyrsti skólameistari FSu í tilefni af 40 ára afmæli FSu

Fjölbrautaskóli Suðurlands átti fjórútiú ára starfsafmæli, mánudaginn 13. september. Fullyrða má að stofnun skólans haustið 1981 sé einn af hornsteinum í uppbyggingu þessa svæðis sem nær úr vestri frá Þorlákshöfn og til austurs alla leið í Vestur-Skaftafellssýslu. Vegna faraldurs er stórum afmælissagnaði slegið á frest. En þó blésu stjórnendur og starfsmenn skólans til notalegrar samveru eftir kennslu síðastliðinn föstudag, 10. september með dyggri aðstoð margra starfsmanna. Þegar margir leggja hönd á plóg gerast ævintýri og það hefur alltaf einkennt starfsemi FSu.

Nokkrir tóku til máls þar á meðal Sigríður Harðardóttir, núverandi kennari og þáverandi nemandi (árið 1981) og vitnaði til samtals sem hún átti nýverið við Heimi Pálsson, fyrsta skólameistara FSu þar sem hann sagði orðrétt: „Það var ungur, næstum barnungur skólameistari sem setti skólann fyrir 40 árum. Raunverulegur skolasetningadagur átti að vera mánudagur en skólameistaraefnið var nógu þjóðrækið og hjátrúarfullt til að segja við skólanefndina: Við byrjum ekki

róður á mánudegi. Ég set skólann á sunnudegi þó svo ég brjóti kjarasamninga og allar reglur. Þetta verður nógu erfiður róður samt. Hann varð erfiður, en hann var undursamlegur.”

Skólastarf í FSu á sér lifandi og fjölbreytta sögu. Í byrjun var skólastarfinu dreift um Selfossbæ og kennsla fór fram í ýmsu húsnæði. Fékk skólinn af því tilefni viðurnefnið Hlaupabrautin. Á tíunda áratug síðustu aldar tókst að koma upp glæsilegri byggingu sem í huga margra gengur undir nafninu Gula húsið. Horn ráða þar ríkjum og hátt er til lofts, víðáttumikill gluggi í suðri en í norðri eru loftkældar kennslustofur á þremur hæðum og horfa allar til Ingólfsfjalls. Fullyrt er að bygging skólahúsnæðis FSu hafi tekið mun styttri tíma en venja var um byggingar af þessari stærðargráðu. Ástæðuna má fyrst og fremst rekja til samtakamáttar sunnlenskra sveitarstjórnarmanna þess tíma sem lögðu fram fé til byggingarinnar og forystu Þórs Vígfússonar þáverandi skólameistara. Megi frumkvæði, sköpun og upplýsing ávallt fylgja starfi FSu.

jöz.



Á ljósmyndinni má sjá frá vinstri Sigursvein Sigurðsson núverandi aðstoðarskólameistara, Þórarín Ingólfsson fráfariandi aðstoðarskólameistara, Ólgu Lísu Garðarsdóttur skólameistara FSu og Svan Ingvarsson sviðstjóra verknáms.

Starfshópur telur ræktun orkujurta til framleiðslu á lífolíu hagkvæma á Íslandi

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, fékk á dögnum afhenta skýrslu starfshóps um ræktun og framleiðslu úr orkujurtum. Meginniðurstæða starfshópsins er að sjálfbær ræktun orkujurta, þ.m.t. repju, til framleiðslu á lífolíu (lífdísil) og öðrum afurðum sé hagkvæm hér á landi. Í skýrslunni segir að eftirspurn eftir lífolíu muni vaxa mikið á næstu árum samhliða því að dregið verði úr nýtingu jarðolíu. Framleiðsla og nýting lífolíu úr orkujurtum geti því dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Skýrslan var afhent á bænum Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum, en þar hafa verða gerðar tilraunir með repjuræktun til margra ára. „Rannsóknir sýna að hægt er að framleiða hér á landi lífdísil úr repjuolíu sem nýta megir sem eldsneyti á þorra þeirra véla sem gerðar eru fyrir dísolíu úr jarðolíu. Íslensk framleiðsla sparar innflutning og vinnsla afurðanna skapar atvinnu og eykur sjálfbærni. Efling akuryrkju, ræktun orkujurta og nýting repjuolíu getur því dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda á margvíslegan hátt,“ segir ráðherra.



Stóra asparmálið

Eggert Valur Guðmundsson

formaður Umhverfisnefndar



Það hefur tæpast farið framhjá íbúum Sví. Árborgar umfjöllun fjölmiðla í vikunni sem leið, um brottflutning nokkura trjáa við Austurveg á Selfossi sem vissulega hafa sett svip sinn á miðbæ Selfoss á undanförunum árum. Það er vel skiljanlegt að fólki bregði við þegar ákvörðun er tekin um slík mál, það er því að mínu mati nauðsynlegt að útskýra um hvað málið snýst, ekki síst í ljósi þess hvað íbúar virtust hafa mikinn áhuga á málinu. Umhverfisnefnd sveitarfélagsins fékk í vor til umfjöllunar erindi frá lögreglunni þar sem fram kom að vegfarendur um Austurveg höfðu haft samband við embættið, og upplýst um áhyggjur sínar af umferðaröryggi við Austurveg vegna þeirra trjáa sem um ræðir. Umhverfisnefnd tók á fundi sínum þann 30 júní s.l. undir þær áhyggjur og ábendingar sem fram komu í erindi lögreglu og fól garðyrkjustjóra sveitarfélagsins að koma

með tillögur að úrbótum. Í framhaldi málsins átti bæjarstjóri og sviðsstjóri umhverfissviðs fund með fulltrúum Vegagerðar ríkisins, vegna málsins í ljósi þess að Vegagerðin sér um utanumhald og viðhald á Austurveginum sem er hluti af Þjóðvegi 1. Það kom skýrt fram á þeim fundi að það væri eindregin vilji þeirra sem veghaldara að ráðast í þessar „sársaukafullu aðgerðir“.

Erfið en rétt ákvörðun

Í framhaldinu var áveðið að fella 10 aspir til þess að auka öryggi gangandi og akandi vegfarenda. Eftir að sérfræðingar höfðu skoðað trén var það samdóma niðurstaða þeirra að ekki aðeins stafaði hætta af trjánum er varðaði skert útsýni heldur höfðu flest trén toppkalið og rötarrými þeirra allt of lítið. Vegna þessa og þeirra vandræða sem rötarkerfi þeirra geta valdið þar sem sem rætarnar leita undir t.d. hellur malbik, lagnir og önnur mannvirki er ljóst að aspir eins og þessar henta alls ekki sem götutrú. Við skoðun á þeim trjám sem felld voru kom í ljós að stoðrætur þeirra trjáa sem felld voru, voru í kringum 40 cm sem er alltof lítið fyrir

tré af þessari stærð. Við slíkar aðstæður voru miklar líkur á að trén hefðu getað fallið í slæmum veðrum fyrr eða síðar, með tilheyrandi slysaþættu. Til þess að fylla upp í þau sár sem verða óhjákvæmilega til við svona aðgerð verða gróðursett önnur tré í haust, og hefur verið rætt um undirgróður eins og t.d. japanskvíst og svo súbluáspir sem efalaust munu fylla skarð þeirra trjáa sem fjarlægð hafa verið. Notkun götutrjáa er vandmeðfarin og huga þarf að mörgum hlutum þegar slíkum trjám er valinn staður, mikil þekking hefur safnast saman á undanförunum árum um notkun götutrjáa hérlandis, og verður sú þekking m.a. notuð við gróðursetningar og staðsetningar trjáa í sveitarfélaginu á næstu árum. Það er mín skoðun að umhirda og viðhald grænna svæða í sveitarfélaginu hafi tekið miklum framförum að undanförunu og ástæða til þess að þakka garðyrkjustjóra umhverfisdeildinni og starfsfólki vinnuskóla sveitarfélagsins sérstaklega fyrir gott vinnuframlag í sumar til bættrar ásyndar sveitarfélagsins.

Laufey Guðmundsdóttir nýr formaður FKA Suðurlandi

Félag kvenna í atvinnulífinu, FKA, er öflugt tengslanet kvenna úr öllum greinum atvinnulífsins. Félagið er hreyfiafl sem eflir fjölbreytileika atvinnulífsins, styður kvenleiðtoga í að sækja fram og sameinar konur til aukins sýnileika og þátttöku um land allt.

Hreystivöllur fyrir konur á Suðurlandi.

FKA Suðurland er deild innan samtakanna sem er hreystivöllur fyrir konur á Suðurlandi sem vilja stórefla tengslanetið, styrkja sig og hafa áhrif í íslensku atvinnulífi. „Ég hlakka mikið til að fá að takast á við þetta skemmtilega hlutverk og hvet konur til að koma með,“ segir Laufey Guðmundsdóttir sem var kjörin formaður FKA Suðurlands í gær. „Í gær afhenti Auður Ingibjörg Ottesen ritstjóri og eigandi tímaritsins Sumarhúsið og garðurinn keflið yfir til mín. Hún hefur gert stórkostlega hluti fyrir deildina sem formaður og í okkar huga Orkubú Suðurlands,“ bætir Laufey Guðmundsdóttir við.

Einnig var kosin ný stjórn hjá FKA Suðurlandi. Þær eru Herdís Friðriksdóttir hjá Understand Iceland og Skálholti, Hrönn Vilhelmsdóttir, Hlöðueldhúsið, Þykkvabæ, Íris Tinna Margrétardóttir, Ísbúðin okkar, Hveragerði, Jessi Kingan,

Rauða húsið, Eyrarbakka, Margrét Inghórsdóttir, Mundakot bókhaldsstofa og Svanhildur Jónsdóttir, atvinnu- og virkni- miðlun hjá Reykjavíkurborg. Stjórn mun við fyrsta tækifæri hittast á fyrsta stjórnarfundinum og skipta með sér verkum, ritari, gjaldkeri, samskiptafulltrúi, meðstjórnandi og varamenn.

Kröftugt starfsár á Suðurlandi sem hefst með haustferð FKA á Suðurlandið.

Það er kröftugt starfsár, fullt af tækifærum, sem nú er hafið hjá Félagi kvenna í atvinnulífinu. Næst á dagskrá hjá FKA Suðurlandi er að taka á móti At-

vinnurekendadeild FKA sem fer í spennandi haustferð um Suðurlandið dagana 8.-10. október. „Hvet konur til að skrá sig í þá ferð og tryggja sér sæti en það er margt annað framundan. Samtalið við hinar landsbyggðardeildirnar heldur áfram að gefa en það samstarf hófst formlega í fyrra þegar við skipulögðum frábæra landsbyggðaráðstefnu. Við komum til með að halda því áfram,“ segir Laufey að lokum.

Hægt er að sækja um aðild á forsiðu heimasíðu Félags kvenna í atvinnulífinu á www.fka.is.



Frá vinstri: Laufey Guðmundsdóttir, nýkjörin formaður FKA á Suðurlandi. Auður Ingibjörg Ottesen, fráfariandi formaður FKA á Suðurlandi.

PÍRATAR
LÝÐRÆÐI

EKKERT KJAFTÆÐI

25. september



Myndaðu mig





Sveitarfélagið
ÁRBORG

Auglýsing um kjörfund vegna alþingiskosninga í Sveitarfélaginu Árborg

Kjörstaður í Vallaskóla, austurhluta

Kjörfundur vegna alþingiskosninga í Sveitarfélaginu Árborg verður haldinn
laugardaginn 25. september 2021.

Kjörfundur hefst kl. 9:00 og honum lýkur kl. 22:00.

Kosið er í sex kjördeildum í sveitarfélaginu. Skipt er í kjördeildir eftir búsetu kjósenda.

1

Vallaskóli, Sólvöllum 2, Selfossi

Kjördeild I

Fyrir kjósendur við götur á Selfossi með götuheitum sem byrja á bókstöfunum A-D.
Óstaðsettir í hús í Sveitarfélaginu Árborg.

2

Vallaskóli, Sólvöllum 2, Selfossi

Kjördeild II

Fyrir kjósendur við götur á Selfossi með götuheitum sem byrja á bókstöfunum E-G.
Kjósendur í Háengi og kjósendur í húsum sem ekki hafa götuheiti á Selfossi

3

Vallaskóli, Sólvöllum 2, Selfossi

Kjördeild III

Fyrir kjósendur við götur á Selfossi með götuheitum sem byrja á bókstöfunum H-R.
Nema kjósendur í Háengi.

4

Vallaskóli, Sólvöllum 2, Selfossi

Kjördeild IV

Fyrir kjósendur við götur á Selfossi með götuheitum sem byrja á bókstöfunum S-P.

5

Samkomuhúsið Staður, Búðarstíg 7, Eyrarbakka

Kjördeild V

Fyrir kjósendur búsetta á Eyrarbakka og í dreifbýli við Eyrarbakka.

Fyrir kjósendur búsetta í Tjarnarbyggð

6

Grunnskólinn á Stokkseyri, Stjörnusteinum 2

Kjördeild VI

Fyrir kjósendur búsetta á Stokkseyri og í dreifbýli við Stokkseyri.

Fyrir kjósendur búsetta í Sandvíkurhreppi

Kjósendur geta kannað á vefslóðinni www.kosning.is hvort og þá hvar þeir eru á kjörskrá í Sveitarfélaginu Árborg.

Sérstök athygli er vakin á því að kjósendum er skylt að gera kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með mynd.

Aðsetur yfirkjörstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar á kjördegi verður í Vallaskóla, Sólvöllum 2, Selfossi, sími 480 5806.

Selfossi, 20. september
Yfirkjörstjórn Sveitarfélagsins Árborgar,
Ingimundur Sigurmundsson,
Steinunn Fjóra Sigurðardóttir,
Bogi Karlsson

Pure North Recycling hlýtur Bláskelina 2021

Endurvinnslufyrirtækið Pure North Recycling hlaut í dag Bláskelina, viðurkenningu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins fyrir framúrskarandi lausn í plastmálefnum. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðgjafi, afhenti Berki Smára Kristinssyni, rannsóknar- og þróunarstjóra hjá Pure North, verðlaunin á málþingi Plastlauss septembers.

Pure North Recycling fæst við endurvinnslu plastics og knýr starfsemi sína með jarðvarma. Fyrirtækið fullnýtir glatorku við bæði þvott og þurrk á hráefninu og dregur þannig úr kolefnisþorpi endurvinnslunnar um 80%, miðað við sambærilega vinnslu í Evrópu. Pure North Recycling hefur m.a. komið á samstarfi við bændur um að endurvinna heyrulluplast á Íslandi og gera úr því nýjar vörur, til að mynda girðingarstaura.

Fimm manna dómnefnd skipuð fulltrúum frá Umhverfisstofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtökum iðnaðarins, Plastlausum september og Ungum umhverfissinum valdi verðlaunahafa úr hópi 17 tilnefndra. Þrír aðrir aðilar komust í úrslit Bláskeljarinnar, en það voru Bambahús, Hemp Pack og Te & Kaffi. Bambahús eru gróðurhús sem búin eru til úr efnum sem annars hefði verið hent og Hemp Pack er líftækniyrirtæki sem framleiðir ætt lífplast. Te &

Kaffi hlaut tilnefningu fyrir að hafa skipt ál- og plastumbúðum út fyrir umbúðir úr plöntusterkju og trefjum.

„Það hefur verið ótrúlegt að fylgjast með viðhorfsbreytingunni sem orðið hefur í umhverfismálum undanfarna ár. Metfjöldi tilnefninga til Bláskeljarinnar nú í ár ber vott um aukinn metnað og vilja til þess að gera betur í plastmálum,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðgjafi. „Við þurfum að efla innlenda endurvinnslu í sem flestum úrgangsflokkum, því það er bæði skynsamlegt að gera það sem næst upprunastað úrgangsins og það skapar viðskiptatækifæri hér heima. Ég óska verðlaunahöfum innilega

til hamingju með Bláskelina og megi þeim vegna sem allra best í því að efla innlenda endurvinnslu. Hún er nauðsynlegur þáttur í því að koma á virku hringrásarhagkerfi hér á landi.“

Bláskelin er nú veitt í þriðja sinn. Veiting verðlaunanna er í samræmi við aðgerðaáætlun stjórnvalda í plastmálefnum; *Úr viðjum plasticsins* og er þeim ætlað að vekja athygli á nýsköpun í plastmálefnum og plastlausum lausnum.

Verðlaunin voru fyrst veitt árið 2019, þegar brugghúsið Segull 67 hlaut þau fyrir bjórkippuhringi úr lífrænum efnum. Í fyrra hlaut Matarbúðin Nándin Bláskelina fyrir að stuðla að sjálfbærni matvæðakerfi með hringrás fyrir glerumbúðir.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðgjafi, Børkur Smári Kristinsson, rannsóknar- og þróunarstjóri hjá Pure North og Sigríður Ingvarsdóttir, fyrrverandi forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

ADHD samtökin stofna útibú á Suðurlandi

Nýlega var haldinn stofnfundur ADHD Suðurland í barnaskólanum Eyrarbakka og Stokkseyri á Stokkseyri. Markmiðið með því að stofna útibú á Suðurlandi var að færa allt það góða starf, þekkingu og fræðslu sem ADHD-samtökin standa fyrir nær okkur Sunnlendingum. Við vonumst til að geta boðið upp á fundi á nokkrum stöðum á Suðurlandi, þar með talið Stokkseyri, Eyrarbakka, Selfossi, Þorlákshöfn og Hveragerði.

Á stofnfundinum fengu gestir stuttan fyrirlestur um nám og ADHD frá Jónu Kristínu Gunnarsdóttur, kennara og varaformans ADHD-samtakanna fyrirlesturinn ber það skemmtilega nafn „Hvernig á að læra heima án þess að gubba“ og er það nokkuð lýsandi yfir reynslu foreldra og barna með ADHD af heimanámi.

Bjartur Ingason fræddi okkur líka um sína reynslu um af því að fara í gegnum skólakerfið með ADHD. Bjartur er 22 ára starfsmaður á leikskóla og námsmaður og hefur áhrifaríka sögu af því hversu mikilvægt er að hafa stuðning að heiman fyrir ADHD einstaklinga í námi. Dagskrá vetrarins var kynnt en áætlað er að halda að lágmarki 4 fundi á Suðurlandi í vetur og að fundirnir verði haldnir til skiptis í þéttbýliskjörnum svæðisins.

Næsti fundur ADHD Suðurlands er áætlaður í október og verður haldinn á Selfossi en þar verður Sólveig Ásgrímsdóttir sálfræðingur með umsjón með fundinum og efnið verður *Samskipti foreldra og barna – réttast væri að flengja ræfilinn*. Frekari tímasetningu verður að finna á Facebook-síðu ADHD Suðurlands.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

KJÖRSTAÐUR Á SELFOSSI

Kjörstaður á Selfossi verður í austurrými Vallaskóla samanber meðfylgjandi mynd. Athugið að útgangur og inngangur verður ekki sá sami.



➡ INN OG ÚTGANGUR Á KJÖRSTAÐ

82%

Sunnlendinga

lesa Dagskrána í hverri viku

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Endurbætur og uppbygging á Litla-Hrauni hafin

Nauðsynlegar endurbætur og uppbygging á Litla-Hrauni er nú hafin. Lengi hefur legið fyrir að húsnaði og aðstaða á Litla-Hrauni, þessu stærsta fangelsi landsins, er ófullnægjandi á alla mælikvarða. Ríkisstjórnin samþykkti í vor fjárveitingu til mikilla endurbóta og nú er áformað að byggja nýtt þjónustuhús, nýja varðstofu og nýtt fjölnotahús, auk þess sem ráðist verður í lagfæringar á núverandi húsnaði. Framkvæmdakostnaður er áætlaður um 1,9 milljarður króna og falli til á árunum 2021 til 2023, en gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki á miðju ári 2023. Með þessum framkvæmdum er stefnt að því að vandamál fangelsisins verði færð í fullnægjandi horf og auk þess verði þar byggð upp heilbrigðis- og endurhæfingarpjónusta fyrir allt fangelsiskerfið.

aðgerð að ræða. Þeirri aðgerð fylgir mikil ábyrgð af hálfu ríkissvaldsins og því ber að sjá til þess að raunveruleg betrun eigi sér stað í fangelsum landsins. Með bættri aðstöðu og aðstoð fagmanna náum við vonandi betri árangri í því að byggja upp einstaklingana sem eru í þessum aðstæðum og gera þeim kleift að byggja sig upp fyrir lífið utan fangelsisins þegar vistinni þar lýkur. Til mikils er að vinna. Hér erum við að hefja löngu tíma-bærar framkvæmdir og umbætur í fangelsismálum sem við sem þjóð getum ekki dregið lengur,“ sagði Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra.

Samstarfsleið

Farin verður svokölluð samstarfsleið í þessu verkefni sem felur í sér að verkframkvæmdir verða hannaðar í samstarfi við þann aðila sem fær verkið á grundvelli útboðs. Framkvæmdasýsla ríkisins telur að uppbygging og endurbætur við Litla-Hraun henti vel í formi samstarfsleiðar enda einkennist verkefnið bæði af háu tæknilegu flækjustigi og flókinni samhæfingu hönnunar og framkvæmdar í húsnaði sem jafnframt er í notkun á byggingartíma.

Fangelsið á Litla-Hrauni hýsir um helming allra fangelsisryma í landinu. Í þessum framkvæmdum er horft til þess að byggð verði upp öflug heilbrigðis- og endurhæfingarpjónusta fyrir fangelsiskerfið í heild í samstarfi við heilbrigðisvirkni. Með bættri aðstöðu fanga og fangavarda verður til muna auðveldara að halda uppi heilbrigðu og öflugu endurhæfingarstarfi á fjölbreyttan máta.

Vonast er til þess með bættri aðstöðu að smygla á fíkniefnum verði mun fátíðara. Auðveldara verður að skilja að hinar ýmsu deildir fangelsisins og ekki síst bæta aðbúnað aðstandenda til heimsóknna. Þar er ekki síst horft til þess að upplifun barna sem heimsækja þurfa foreldri í fangelsi verði ekki verri en efni standa til.

„Þegar einstaklingur er sviptur frelsi sínu er um afar íþyngjandi

Kosningakaffi og kosningavaka Framsóknar í Árborg

Laugardaginn 25. september frá kl. 10:00 í Suðursal Hótel Selfoss.

Kaffiveitingar fram eftir degi - Lína Langsokkur mætir kl. 14:30.

Um kvöldið verður kosningasjónvarpið á skjánum

Alexander Freyr Olgeirsson trúbador. Opið á barnum.

Verið velkomin og hlökkum til að hitta ykkur



Orrustan um Ísland er á morgun

Sósíalistar í Suðurlandsdæmi boða til opins kosningarfundar miðvikudaginn næsta klukkan hálf átta. Frambjóðendur í efstu sætum verða á staðnum.

Hótel Selfoss, suðursal
Miðvikudaginn 22. september, kl. 19:30

Opinn fundur
Sósíalistaflokks
Íslands



Litla hraun

mynd: gpp

Vatnasvið Jökulfalls og Hvítár í Árnessýslu friðlýst gegn orkunýtingu

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, undirritaði í dag friðlýsingu vatnasviðs Jökulfalls og Hvítár í Árnessýslu gegn orkuvinnslu í samræmi við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun).

Jökulárnar Jökulfall og Hvítá eiga upptök sín á miðhálandi Íslands. Jökulfallið myndast við sameiningu nokkurra kvísla úr Hofsjökli og Hvítá, þriðja lengsta á landsins, rennur úr Hvítárvatni við Langjökul. Árnar sameinast svo rétt ofan við Gullfoss og óbeislaðar veita þær fossinum kraft sinn. Vatnasvið beggja áнна er óraskað, auk þess sem landsvæðið býr yfir lítt röskuðu votlendi og óbyggðum víðernum.

Verndarsvæðið er 1544 km² að stærð, en friðlýsingin nær til alls vatnasviðs Jökulfalls, þar sem Gýgjarfossvirkjun var fyrirhuguð, og Hvítár ofan stíflumannvirkja, áður fyrirhugaðar Bláfellsvirkjunar, og meginfarvegs Hvítár að efstu mörkum fyrirhugaðs lóns Búðartunguvirkjunar eins og hún er kynnt í 3. áfanga rammaáætlunar.

Í ljósi þess að árnar sameinast og vatnasvið Gýgjarfossvirkjunar er hluti af vatnasviði Bláfellsvirkjunar er friðlýst eitt samfellt svæði sem nær til vatnasviðs beggja virkjunarkosta.

„Nú er enn eitt svæðið á hálandi Íslands komið í var fyrir virkjunum,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra. „Þetta er 28. friðlýsingin sem ég undirrita í minni ráðherratíð og allar eru þær hluti af átaki í friðlýsingum sem ég setti af stað í upphafi

kjörtímabilsins. Þessi friðlýsing er auðvitað á grundvelli ákvörðunar Alþingis frá árinu 2013. Átakið hefur verið unnið í samstarfi Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og ég er afar stoltur af þeim árangri sem við höfum náð.“



Ólafía Jakobsdóttir hlýtur náttúrverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti

Umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson veitti í dag, á degi íslenskrar náttúru, Ólafíu Jakobsdóttur Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti. Er þetta í tólfta sinn sem náttúruverndarviðurkenningin er afhent.

Ólafía hefur starfað á Kirkjubæjarstofu í tæp 20 ár, lengst af sem forstöðumaður á þekkingarsetri á Kirkjubæjarklaustri, sem sinnir rannsóknum og fræðistörfum á sviði náttúrufars, sögu og menningar. Í tíð Ólafíu á Kirkjubæjarstofu hefur t.a.m. verið lögð mikil áhersla á skráningu örnefna, fornra leiða og sagna úr Skaftárhreppi.

Í máli ráðherra við athöfnina í dag kom fram að í tíð sinni sem sveitarstjóri hafi Ólafía m.a. beitt sér fyrir því að koma á skipulagi og umhirðu í Friðlandinu í Lakagígum, einu viðkvæmasta svæði íslenskrar náttúru, og uppbyggingu annarra innviða

til verndar náttúrunni í Skaftárhreppi.

Ólafía átti drjúgan þátt í endurreisn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands árið 2005 og var ein aðal drifkrafturinn í stofnun Eldvatna — samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi árið 2010. Hún hefur látið víða að sér kveða á vettvangi frjálsra félagsamtaka sem starfa að náttúru- og umhverfisvernd. Þá sat hún sem fulltrúi umhverfisverndarsamtaka í svæðisráði vestursvæðis Vatnajökulshljóðgarðs frá stofnun hans til ársins 2019.

Ráðherra sagði Ólafíu vera boðbera nýrra tíma. „Hetja heima í héraði sem gefst aldrei upp og heldur á lofti rétti náttúrunnar. Ólafía sem hefur látið sig vernd íslenskrar náttúru varða, sérstaklega í Skaftárhreppi, hefur sýnt einstaka elju og þrautseigju. Hún er mjög vel að þessum verðlaunum komin.“



KJARKUR FYRIR KONUR !

Erna Bjarnadóttir er baráttukona sem hefur sýnt að hún nær árangri fyrir bættri heilsu kvenna.

Hún er stofnandi aðgerðahópsins „Aðför að heilsu kvenna.“



Ding, ding, ding
Ernu á þing !

STUÐNINGSMENN

X-M



Kjörfundur í Hveragerði

Kjörfundur vegna alþingiskosninga laugardaginn 25. september 2021 hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00 þann dag í **Grunnskólanum** í Hveragerði við Skólamörk.

Gengið er inn um aðalinngang, vestanmegin.

Sérstök athygli skal vakin á eftirfarandi:

Kjósandi, sem ekki hefur meðferðis persónuskilríki, getur átt von á því að fá ekki að greiða atkvæði.

Þá er ekki heimilt að vera með áróður á eða við kjörstað meðan á kjörfundi stendur svo sem barmmerki og/eða merkingar á bifreiðum.

Í kjördeild 1 kjósi þeir sem hafa heimilisfang frá A-J og í kjördeild 2 kjósi þeir sem hafa heimilisfang frá K-Ö.

Hveragerði, maí 2021
Kjörstjórnin í Hveragerði.

Framlagning kjörskrár fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp vegna kosninga til Alþingis þann 25. september 2021

Kjörskrá vegna kosninga til Alþingis þann 25. september 2021 liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í stjórnsýsluhúsinu á Borg frá og með 15. september 2021 til kjördags. Skrifstofan er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9:00-15:00 og föstudaga frá kl. 9:00 – 12:00.

Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps

Kjörfundur í Grímsnes- og Grafningshreppi

Kjörfundur vegna kosninga til Alþingis fer fram laugardaginn 25. september 2021. Kosið verður í stjórnsýsluhúsinu á Borg í fundarsal sveitarstjórnar á 2. hæð. Kjörfundur hefst kl. 10:00 og lýkur kl. 20:00.

Kjósendur eru minntir á að hafa meðferðis persónuskilríki með mynd og framvísa þeim ef óskað er.

Kjörstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps

Samfylkingin ætlar að stórauka barnabótagreiðslur

Viktor Stefán Pálsson

2. sæti á lista Samfylkingarinnar í Suðurlandskjördæmi



Ég hef tekið þátt í starfi íþrótta-hreyfingarinnar um langt skeið, fyrst sem iðkandi og síðustu átta ár sem sjálfbóðaliði í stjórn Ungmennafélags Selfoss. Af reynslu minni veit ég hversu jákvæð áhrif tómstunda- og íþróttastarf hefur, ekki einungis á börn og ungmenni, heldur á samfélagið allt. Það er því mikið áhyggjuefni að skv. síðustu könnun UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna hafa 16,9% barna og ungmenna á Ísland ekki aðgengi að skipulögðu æskulýðsstarfi. Það eru margvís-

legar ástæður fyrir skorti á aðgengi. En það er einkum á barnmörgum heimilum, á heimilum þar sem atvinnuþátttaka er lág og á meðal barna og ungmenna sem búa með foreldrum í leiguhúsnæði þar sem þátttaka er hvað minnst.

Við jafnaðarmenn viljum forgangsraða opinberum styrkjum til barnafjölskyldna og að veita þeim þannig stuðning þegar fjárlát hjá fjölskyldum eru hver mest. Samfylkingin vill greiða barnabætur sem skipta fólki máli og nýtast við að skapa börnum betra líf og auðvelda þeim þátttöku í æskulýðsstarfi.

Það sem hinsvegar vill oft gleymast í umræðum um barnabætur er að barnabótakerfið á ekki einungis að koma tekju-lægstu hópnum til góða. Sam-

fylkingin hefur einsett sér að vinna að því að jafna aðstöðumun barnafjölskyldna með stóráuknum stuðningi fyrir foreldra með meðaltekjur. Samkvæmt núverandi barnabótakerfi skerðast bætur þegar mánaðarlaun hafa náð 351.000 kr. Þessu ætlar Samfylkingin að breyta þannig að óskertar barnabætur verða greiddar með öllum börnum foreldra sem hafa allt að meðaltekjur – u.p.b. 1.200.000 kr. á mánuði hjá pari eða 600.000 kr. á mánuði hjá einstæðu foreldri.

Fjármögnun á auknum barnabótum verður í formi stóreignaskatts á þá sem geta lagt meira til samfélagsins og eiga yfir 200 milljónir í hreina eign.

Reiknaðu hverjar þínar barnabætur gætu verið inni á heimasíðunni - xs.is/reiknivel.

Lítill fyrirtæki mynda stóra heild

Jóhann Friðrik Friðriksson

2. sæti á lista Framsóknar í Suðurlandskjördæmi.



meðalstór fyrirtæki með allt að 250 starfsmenn greiddu 241 milljarð. Af þessu kemur mikilvægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja bersýnilega í ljós.

Erftitt rekstrarumhverfi hraðahindrun

Rekstrarumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja getur reynst erfitt, eðli máls samkvæmt. Þau neyðast til að greiða há gjöld og þau upplifa oft að þeim sé þröngvað í box umlukið reglugerðum. Þetta gerir þessum fyrirtækjum oft lífið leitt ásamt því að hindra stækkun eða verða þeim jafnvel ofviða. Allt þetta er vissulega ekki jafn erfitt viðureignar fyrir stóru fyrirtækin, en fjölskyldufyrirtækin, smáar verslanir, kaupmaðurinn á horninu o.fl. eiga oft erfitt með að finna rekstrargrundvöll við þessar aðstæður svo ekki sé minnst á sprotafyrirtækin þar sem frumkvöðlar byrja oft með tvær hendur tómar.

Framsókn fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki

Framsókn er málsvári lítilla og meðalstórra fyrirtækja og þekkir mikilvægi þeirra fyrir íslenskt atvinnulíf. Að stuðla að því að þau fyrirtæki vaxi og dafni er öllu samfélaginu til hagsbóta. Því vill Framsókn lækka tryggingagjald á lítill og meðalstór fyrirtæki og með því rétta þeim hjálparhönd.

Framsókn ætlar að breyta lögum og reglum um gjöld og skatta þannig að tekið verði tillit til stærðar fyrirtækja við álagningu. Þetta á við mikinn fjölda mismunandi opinberra gjalda, sem dæmi má nefna gjöld vegna leyfa, úttekta eftirlitsaðila og fleira.

Með þessu er verið að létta greiðslubyrði lítilla og meðalstórra fyrirtækja til muna og það skiptir þau máli. Við vitum að margt smátt gerir eitt stórt. Rétt eins og mörg lítill fyrirtæki mynda stóra heild á íslenskum vinnumarkaði.

Ég stend með bændum

Ásmundur Friðriksson

alþingismaður og 3. sæti Sjálfstæðisflokksins í Suðurlandskjördæmi



byggðinni. Þar má margt betur fara sem ég vil taka þátt í að laga.

Stuðningur í verki

Ég er í þeirri stöðu að þurfa ekki að endurtaka það sem ég hef sagt og gert til stuðnings bændum. Það liggur allt fyrir. Ég hef sýnt það í verki með fundarhöldum, skrifum og stuðningi mínum við bændur í atvinnuveganefnd og í umræðum og atkvæðagreiðslum í þinginu. Við frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í Suðurlandskjördæmi höfum á öllum fundum þar sem landbúnaðarmál eru rædd lýst yfir stuðningi okkar við bændur.

Fjórði maðurinn

Þess vegna er það afar mikilvægt að bændur í Suðurlandskjördæmi leggist á árar með okkur

og tryggi Björgvin Jóhannesson fjórða mann á lista Sjálfstæðisflokksins inn á Alþingi. Björgvin er bændasonur frá Höfðabrekku í Mýrdal og honum rennur blóðið til skyldunnar að verja hagsmuni bændna.

Öryggi þjóðarinnar

Matvælaöryggi og fæðuöflun þjóðarinnar byggir á bændum. Engin þjóð getur staðið sjálfstæð án þess. Gæði, heilnæmi og kolefnisspor íslenskra landbúnaðarafurða er forskot sem framleiðsla í öðrum löndum nær aldrei að komast með tærnar þar sem íslenskir bændur hafa hælana. Ég læt verkin mín um stuðning við bændur tala. Umkennningarumræða um annað er ekki svaraverð og bændum ósamboðin.

Betri heilbrigðisþjónustu á Suðurland

Erna Bjarnadóttir

2. sæti á lista
Miðflokksins í
Suðurkjördæmi



og geislafræðinga teknar af við HSU. Í dag eru gerðar 18 – 20 þúsund rannsóknir af lífeindafræðingum á mánuði og fjölgar stöðugt. Sé grunur um hjartaáfall eftir miðnætti eru sjúklingar hins vegar keyrðir á bráðamóttöku LSH í stað þess að málið sé leyst á 40 mínútum á HSU.

Tólf árum síðar er þjónustan á þessu svæði langt í frá því sem nauðsynlegt verður að telja. Þetta lýsir sér einnig í margra klukkutíma bið á bráðamóttöku um helgar og að fjöldi íbúa er skráður á heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Allt þetta veldur auknu álagi bráðþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Enginn þarf heldur að vera í vafa um að þetta veldur óþarfa álagi á læknavaktina,

þar er jú hægt að fá viðtal samdægurs leggi fólk á sig að bíða í 1-2 klukkutíma. Staðreyndin er sú að komur á bráðamóttökuna og læknavaktina eru milli 700-800 á sólarhring. Þetta eru allt of dýr úrræði fyrir þjónustu sem hægt væri að veita með öflugri heilsugæslu og þjónustu í nær-umhverfi. Þegar ferðþjónustan nær sér á strik á ný mun álagið á þessa mikilvægu innviði enn aukast. Hér þarf því að koma til heildstætt átak til að úr verði bætt.

Fyrirliggjandi fjármálaáætlun fráfarandi ríkisstjórnar, gerir ráð fyrir niðurskurði næstu árin og eykur því ekki líkurnar á auknum fjárframlögum til málaflokksins. Nýja ríkistjórn þarf til þess að svo verði. Settu X við M á kjördag.

Hér á Suðurlandi hefur íbúum fjölgað hratt á undanförunum árum auk þess sem á svæðinu eru þúsundir sumarbústaða. Á sama tíma hefur heilbrigðisþjónusta hér á svæðinu dregist aftur úr í fjárveitingum miðað við íbúafjölda og þann fjölda ferðamanna sem fer um héraðið. Íbúar á þessu svæði sitja enn uppi með afleiðingarnar af niðurskurði til málaflokksins í fjárlögum ársins 2009. Þá voru næturvaktir lífeindafræðinga

Styðjum lítil og meðalstór fyrirtæki

Lítil og meðalstór fyrirtæki eru hryggjarstykkid í íslensku atvinnulífi og því er mikilvægt að skapa sem bestar aðstæður fyrir þau til að vaxa og dafna. Í viðtali við Ingibjörgu Björnsdóttur, lögfræðing hjá Samtökum atvinnulífsins og verkefnastjóra Litla Íslands, sem birt var í maí 2020 kom fram að árið 2018 greiddu lítil og meðalstór fyrirtæki 69% af heildarlaunum í landinu. Það er því ljóst að það er samfélaginu mikilvægt að efla viðspyrnu þeirra og jafna leikinn.

Prepaskipting tryggingagjalds og tekjuskatts

Framsókn er málsvári lítilla og meðalstórra fyrirtækja og við viljum taka upp prepaskipt tryggingagjald til lækkunar á lítil og meðalstór fyrirtæki. Samhliða því viljum við taka upp fleiri þrep í tekjuskatti fyrirtækja. Hreinan hagnað fyrirtækja umfram 200 milljónir króna á ári mætti til dæmis

skoða að skattleggja hærra á móti lækuninni til að draga ekki úr getu ríkissjóðs til að standa undir öflugri velferðar-, mennta- og heilbrigðiskerfi. Við í Framsókn viljum enn fremur leggja áherslu á að tekið sé tillit til stærðar fyrirtækja við álagningu ýmissa opinberra gjalda, sem nú eru í formi flatra gjalda og/eða skatta, svo sem gjöld vegna starfsleyfa og úttekta eftirlitsaðila. Þó þessi gjöld vegi ekki þungt í heildarsamhenginu er ljóst að þau geta verið íþyngjandi fyrir smærri fyrirtæki, einkum í upphafi reksturs.

Hvatning til verðmætasköpunar

Þessar skattatillögur Framsóknar verða áherslumál eftir kosningar. Málin þarf að ræða og útfæra nánar í samvinnu við atvinnulífið og mögulega samstarfsflokka. Meginatriðið er að við ætlum að jafna leikinn á fyrirtækjamarkaði með því að jafna stöðuna á milli stóru fyrirtækjanna, sem sum geta hagnast

Halldóra Friða Þorvaldsdóttir

4. sæti á lista
Framsóknar í
Suðurkjördæmi



verulega, og minni og meðalstóru fyrirtækjanna til að þau geti haldið blómlegum rekstri áfram. Tillögurnar eru ekki stórtækar og verða ekki til þess að stærri fyrirtæki taki á sig íþyngjandi skattahækkunarir heldur er um að ræða hófsamar lausnir.

Á bak við hvert fyrirtæki, bæði lítil og stór, er fólk sem býið er að leggja hart að sér við að skapa bæði sér og samfélaginu verðmæti og það viljum við vernda. Við litum þannig á að með þessum hætti sé hægt að nota skattkerfið enn betur til þess að hvetja til fjölþættari verðmætasköpunar.

Brúin kemur!

Helgi Sigurður Haraldsson

forseti bæjarstjórnar í Sv. Árborg



framkvæmdir við hana, og vegtengingar beggja vegna ár, verða boðnar út fyrir áramót.

En hvers vegna er brúin loks að koma núna? Vegna þess að ákveðið hefur verið að fara í samstarf við verktaka og fjármálaframtækni við brúarframkvæmdina og fara svokallaða PPP-leið sem Vegagerðin hefur kynnt. Í þessu felst m.a. að þá er tekið veggjald af umferðinni til að borga upp framkvæmdina og flýta fyrir því að af framkvæmdinni verði.

Mikið hefur verið rætt um hvað gjaldið á að vera hátt fyrir að fara yfir brúna og ýmsar upphæðir verið nefndar. Þó hefur umræða um verð í kringum 400 kr. verið oftast nefnd. Væntanleg á Vegagerðin erfitt með að ákveða verð fyrirfram þegar

Mikið hefur verið rætt og ritað um nýja brú yfir Ölfusá, fyrir ofan Selfoss, og væntanlegt veggjald yfir hana. Fyrir nokkrum árum voru uppi áætlanir að hefja framkvæmdir við hana árið 2018 og taka hana í notkun árið 2021. En við vitum hvernig það fór. Nú er ljóst að brúin er að koma og

Vissir þú að ráðlagður dagskammtur af hreyfingu hjá fullorðnum er minnst 30 mínútur á dag?

Hreyfingin ætti að vera miðlungserfið og heildartímanum má skipta í nokkur styttri tímabil yfir daginn, t.d. 10-15 mínútur í senn. Meiri hreyfing fylgir aukinn ávinningur fyrir heilsu og vellíðan.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Kjörfundur í Sveitarfélaginu Ölfusi

Kjörfundur vegna alþingiskosninganna 25. september 2021 verður í Versölum Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn. Kjörfundur hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00. Gengið er inn að vestanverðu.

Kjösendur eru minntir á að hafa meðferðis persónuskilríki.

Kjörstjórnin í Sveitarfélaginu Ölfusi



ÖLFUS

Alþingiskosningar 25. september 2021

Kjörfundur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi vegna alþingiskosninga verður haldinn í Félagshéimilinu Árnesi frá kl. 10 - 22 laugardaginn 25. september.

Kjörskrá liggur nú frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi svo kjósendur geti gengið úr skugga um að þeir séu rétt skráðir. Skrifstofan er sem áður opin frá kl. 9 – 12 alla virka daga og kl. 13 - 14 mánudaga til fimmtudaga.

Hægt er að kjósa utankjörfundar hjá Sýslumanninum á Selfossi sem hér segir:

Dagana 20. – 24. september kl. 9 – 18
Á kjördag, 25. september kl. 10 - 12

Kjörstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps



AUGLÝSING UM ÚTBOÐ

Rangárþing eystra óskar eftir tilboðum í framkvæmdina:

NÝR LEIKSKÓLI Á HVOLSVELLI, VALLARBRAUT - HÚSBYGGING

Lýsing á verkinu:

Verkið felst í byggingu og fullnaðarfrágangi nýs leikskóla á Hvolsvelli. Þegar verktaki kemur að verki verður búið að jarðvegsskipta undir húsi og girða vinnusvæðið. Byggingin er á staðsteyptum sökkjum. Staðsteyptur kjallari er að hluta til undir húsinu. Útveggir eru úr forsteyptum samlokueiningum og innveggir úr forsteyptum veggeiningum. Hluti útveggja er klæddur með lóðréttri viðarklæðningu úr rauðum sedrusviði. Þak verður staðsteypt plata, einangrað að ofan, vínildúkur og malarlag. Vindföng á suðurhlíðum og útigeymsla á lóð eru úr timbri.

Frárennslis, regn- og drenlagnir eru PVC pípur ásamt tilheyrandi brunnum. Neysluvatnslagnir eru rör í rör með tilheyrandi deilikistum. Húsið er hitað með gólfhita. Stofnlagnir að deilikistum neysluvatns- og gólfhita eru rör í rör lagnir.

Helstu magntölur eru áætlaðar:

• Birt flatarmál	1.650 m ²
• Heildar rúmmál	5.590 m ³
• Steypumót	2.300 m ²
• Steinsteypa	600 m ³
• Bendistál	40.000 kg
• Forsteyptar útveggjaeiningar	1.000 m ²
• Forsteyptir innveggir	1.400 m ²
• Utanhúss klæðning	365 m ²
• Þakfrágangur	1.650 m ²
• Gólfúður	1.375 m ²
• Frárennslis/Neysluvatn/Gólfhiti	900 m / 2.000 m / 7.900m
• Loftræstikerfi	19.200 m ³ /klst

Upphaf framkvæmda: Framkvæmd hefst þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði bjóðanda.

Lok framkvæmda: Verkinu skal skila eins og því er lýst í útboðsgögnum, en loka skiladagur verksins er 28. febrúar 2023.

Útboðsgögn verða afhend í útboðskerfinu Ajour þar sem bjóðendur geta sótt gögn frá og með miðvikudeginum 22. september 2021 kl. 14:00. Bjóðendur skrá sig inn á vef og hlaða niður gögnum:

<https://mannvit.ajoursystem.is>

Notkunarleiðbeiningar um kerfið má sjá hér:

<https://help.ajoursystem.com/astopic/tender/>

Fyrirmælum varðandi skil gagna er nánar lýst í útboðsgögnum. Bjóðendum verður tilkynnt eftir lok tilboðsfrests um nöfn bjóðenda og heildartilboðsfjárhæð.

Ert þú partur af lausninni?

Komandi kosningar eru Kgríðarlega mikilvægar. Við horfum fram á neyðarástand í heiminum sökum loftslagsbreytinga af mannavöldum, við þurfum að ná viðspyrnu á ný eftir heimsfaraldur covid 19, við þurfum kerfisbreytingar til að mæta áskorunum fjórðu iðnbýltingarinnar og við þurfum að auka réttlæti í samfélaginu okkar svo almannahagsmunir gangi alltaf framár sérhagsmunum og allir einstaklingar, heimili og fyrirtæki njóti jafnræðis. Síðasta ríkisstjórn var stjórn íhaldsemi og kyrrstöðu. Enda stofnuð frá hægri til vinstri með Framsókn. Þeir flokkar munu ekki skila okkur frjálsslyndi og lausnarmiðum vilja til breytinga. Það mun flokkur eins og Viðreisn aftur móti gera. Flokkur sem er óhræddur við að rugla bátum til að ná fram nauðsynlegum breytingum, okkur öllum í hag.

Festum gengi krónunnar við Evru

Við í Viðreisn viljum til að mynda að Ísland geri tvíhliða samning við Evrópusambandið um samstarf í gjaldeyrismálum í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og festi gengi krónunnar við Evru.

Með þeirri aðgerð myndi íslenska meðalfjölskyldan eiga um 72 þúsund kr. meira til ráðstöfunar – um hver mánaðarmót!

Grænt og loftslagsvænt samfélag

Við höfum alla burði til að draga stórlega úr losun gróðurhúsalofttegunda og keyra samfélagið okkar á grænni, innlendri orku fyrir árið 2040. Við verðum því að taka stærri skref strax og koma á hvötum þannig að þeir borgir sem menga. Við þurfum líka að endurheimta fleiri þúsundir ferkílómetra af röskuðum vistkerfum til að draga úr losun frá landi. Sjálfbær auðlindanýting og ábyrg umgengni við náttúruauðlindir, þar sem náttúruvernd helst í hendur við nýtingu, er lykillinn að grænni framtíð. Fyrir okkur í Viðreisn er það kristaltært að öll mál eru umhverfismál og þau eiga að vera grænn þráður í gegnum alla ákvarðanatöku stjórnvalda.

Þjónustuvæðum heilbrigðiskerfið

Við viljum þjónustuvæða heilbrigðiskerfið með þarfir notenda í huga, stytta biðlistana og bæta aðgengi allra landsmanna að

Þórunn Wolfram

PhD í umhverfisfræðum og 2. sæti á lista Viðreisnar í Suðurlandskjördæmi



heilbrigðisþjónustu, óháð aldri, efnahag og búsetu. Við viljum líka einfalda heilbrigðiskerfið, gera almannatryggingarnar sveigjanlegar og niðurgreiða sálfræðiþjónustu.

Réttláttur sjávarútvegur

Við í Viðreisn viljum tryggja sátt um sjávarútveginn til framtíðar. Við viljum að sanngjarnt verð sé greitt fyrir aðgang að auðlindunum okkar og að samningar um auðlindanýtingu séu tímabundnir. Við viljum líka að í stað veiðileyfagjalds verði ákveðinn hluti kvótans settur á markað á hverju ári og seldur sem nýtingarsamningar til 20-30 ára. Þannig megi eyða pólitískri óvissu og staðfesta eignarhald bjóðarinnar á auðlindinni.

Ég hvet alla til að kynna sér málefnaestefnurnar okkar nánar á vidreisn.is og kjósa síðan með almannahagsmunum umfram sérhagsmunum komandi laugar-dag.

Leiðin til árangurs

Guðrún Hafsteinsdóttir

oddviti D-listans í Suðurlandskjördæmi



„Hvernig dettur þér þetta í hug, Guðrún?“, er spurning sem ég fæ oft frá fólki sem ég hitti á ferðalagi mínu um okkar ágæta Suðurlandskjördæmi nú í aðdraganda kosninga. Er þá fólk að vísa til þess að maður er vissulega lítið heima hjá sér, þeytist milli horna kjördæmisins frá morgni fram á nótt í sífelldu áreiti, ys og þys, og þegar heim er komið sér maður hvernig stofublómin fölna sökum hirðuleysis. Blessuð blómin fá þó sitt vatn og sína alúð á endanum.

Svarið við spurningunni er þó jafnan hið sama: Ég er komin til að vinna, takast á við þau verkefni sem þarf, og gefa allt mitt í það. Ég hef alltaf verið dugleg, vön því að vinna mikið og það veitir mér ánægju að sjá afrakstur vinnu minnar. Ef ég

get orðið fólki að liði líður mér vel. Það er endað hlutverk okkar sem störfum í stjórnmálum, þess vegna gef ég mig í þetta verkefni.

Ég sé líka orkuna, viljann, spennuna, styrkinn, framsýnina og fegurðina sem býr í fólkinu sem byggir og mótar okkar samfélag í Suðurlandskjördæmi. Hér er allt til staðar til að okkur geti gengið vel. Það er svo undir okkur sjálfum komið að sjá til þess að svo fari. Til að okkur takist ætlunarverk okkar þurfum við kjölfestu í stað glundroða, stefna ótraud áfram og tryggja öllum stöðugleika, festu og frelsi til athafna. Þetta er leiðin til árangurs.

Ég hef sagt við fólk að ég vilji sjá nærsamfélagið fá meira vægi í ákvarðanatöku um hvernig hlutirnir þróað heima fyrir. Fólk í héraðinu lúti ekki boðvaldi ríkisins í málum sem stendur því nærri, svo sem í þjónustu heilbrigðisstofnana, menntamálum, þróun atvinnuuppbyggingar, skipulagsmálum svo fátt eitt sé nefnt. Hættan er sú að þeir

stjórnmálaflokkar sem hallir eru undir miðstýringu komi sér fyrir við stjórn landsmála og blási út kerfi sem þrengir að hugmynda-ríku og duglegu fólki með reglugerðafargani og ofurskattheimtu. Slíkt er ekki líklegt til árangurs og hugmyndafræðin á bakvið þannig stjórnarhætti situr á ruslahaugum sögunnar.

Verkefnið framundan kalla á sterka leiðtoga, traust í samstarfi og trúverðugleika í orðum og athöfnum. Ég er komin á svið stjórnmálanna til að láta til mín taka. Ég finn velvild og traust hjá fólkinu sem ég hef hitt á förunum vegi og ég ætla mér að standa undir því trausti og vel það. Ég ætla mér líka, í samvinnu við kjósendur og Sunnlendinga alla að efla og styrkja stöðu Suðurlandskjördæmis strax á komandi kjörtímabili, vinna landinu okkar gagn og útbúa frjóan jarðveg til framtíðar, íslenskri þjóð til farsældar og heilla.

Ég biðla til þín að taka þátt í þessari vegferð með mér með því að setja x við D á kjördag.

RISAPRENTUN



SÍMI 482 1944
SELFOSFO@PRENTMETODDI.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOS

A0 • A1 • A2 • VINNUTEIKNINGAR
PLAKÖT • LJÓSMYNDIR
RÚLLUSTANDAR

SÖFNUN BIRKIFRÆS



PRENTMET ODDI ER
STOLTUR STYRKTAÐILI
LANDSÁTAKS Í SÖFNUN
BIRKIFRÆS



Umbúðir

Almenn
prentun

Bækur



Límniðar

482 1944



prentmetoddi.is



ÍSLENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA



HVERAGERÐISBÆR

Kambaland í Hveragerði, tillaga að breytingu á deiliskipulagi

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 9. september 2021 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Kambaland í Hveragerði, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagssvæðið afmarkast til suðurs og vesturs af Hringvegi (Suðurlandsvegi), til norðurs af Hamrinum og til austurs af núverandi byggð við Smyrlaheiði, Valsheiði, Kjarrheiði, Borgarhraun og Kambahraun. Tillagan felur í sér fjölgun íbúða á svæðinu, bæði á norðurhluta þess og við Kaplahraun og breytingu á leikskólalóð og verslunar- og þjónustulóð. Tillagan gerir ráð fyrir samtals 334 íbúðum á svæðinu.

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofunni Breiðumörk 20 og er til sýnis frá og með mánudeginum 20. september til mánudagsins 1. nóvember 2021. Tillagan er einnig aðgengileg á heimasíðu Hveragerðisbæjar, www.hveragerdi.is

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til þriðjudagsins 2. nóvember 2021. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal þeim skilað á bæjarskrifstofur Hveragerðisbæjar Breiðumörk 20 eða á netfangið: gfb@hveragerdi.is.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

Hvenær verður ný Ölfusárbrú vígð?

Tómas Ellert Tómasson

verkfræðingur og bæjarfulltrúi Miðflokksins í Sví. Árborg



Birgir Þórarinnsson

alþingismaður og oddviti Miðflokksins í Suðurkjördæmi



Hvenær er raunhæft að vígja nýja Ölfusárbrú?

Það er ekki raunhæft að bjóða út framkvæmdina um áramótin. Það er í fyrsta lagi raunhæft að bjóða út framkvæmdina næsta vor.

Ef farin verður sú leið að bjóða út brúna og vegina að og frá brúnni í svokallaðri PPP-framkvæmd mun taka nokkurn tíma að yfirfara og klára samninga við viðkomandi verk-taka sem vinna á verkið, ekki skemmri tíma en 3 til 6 mánuði.

Hönnunin sem síðan á eftir að vinna, mun taka her verkfræðinga um ár að klára. Þannig að framkvæmdirnar munu aldrei geta hafist fyrr en í byrjun árs 2024. Framkvæmdin sjálf mun svo taka tvö til þrjú ár í framkvæmd. Það er því ekki raunhæft að vígja brúna fyrr en í fyrsta lagi árið 2026 og jafnvel ekki fyrr en árið 2027 með sama áframhaldi.

Kæru Sunnlendingar og íbúar á Stór-Árborgarsvæðinu, látið ekki blekkja ykkur til fylgilags við þá flokka sem halda öðru fram. Verum raunsæ, ástandið við brúarsporðinn á Selfossi mun bara versna á næstu árum, ekki batna. Brúin verður ekki vígð fyrr en í fyrsta lagi árið 2026, á þar næsta kjörtímabili.

Það er öllum ljóst að gríðarlegt umferðaralag er við núverandi Ölfusárbrú við Selfoss og þar myndast oft langar bíðraðir sem ná jafnvel upp á Kambabrún er verst lætur. Hér verður stiklað á stóru um sjálfa framkvæmdina, vegtollarnir eru svo sér kapituli út af fyrir sig.

Árið er 2015

Morgunblaðið, 12. janúar 2015.

„Hjá Vegagerðinni er vinna komin vel af stað við hönnun og undirbúning fyrir útboð á nýrri brú yfir Ölfusá, norðan við Selfoss. Er búist við að útboð geti farið fram í lok árs 2016 og framkvæmdir geti hafist árið 2017. Samkvæmt samgöngu-áætlun Alþingis er gert ráð fyrir brúnni á tímabilinu 2017-2019.“

Árið er 2021

Visir.is, 8. júní 2021.

„Sigurður Ingi Jóhannsson, samgönguráðherra lofar nýrri

brú yfir Ölfusá við Selfoss í lok ársins 2023 eða árið 2024 en framkvæmdir við brúna verða boðnar út um næstu áramót. Brúin mun kosta um sex og hálfan milljarð króna og innheimtur verður vegtollur yfir hana.“

Staða framkvæmda á nýrri Ölfusárbrú

Staða framkvæmda er nánast sú sama og hún var árið 2015. Forhönnun brúarinnar er lokið. Eftir er að klára frumhönnun og fullnaðarhönnun, ásamt ítarlegri deilihönnun. Það á einnig eftir að klára forhönnun og fullnaðarhönnun þjóðveg nr. 1 að og frá brúnni. Það á eftir að fastsetja hvar hringtorg kemur austan við brúna, hvar endanlega á að staðsetja undirgöng fyrir gangandi og ríðandi og hversu mörg þau verða. Það sem verra er, er að það á eftir að klára samninga við landeigendur á veghelgunarsvæði þjóðvegarsins, að og frá brúnni.

Ný ríkisstjórn - niðurgreiðsla sálfræðiþjónustu

Borgerður Katrín Gunnarsdóttir

formaður Viðreisnar



Sigurjón Vídalín Guðmundsson

3. sæti á lista Viðreisnar í Suðurkjördæmi



Stjórnsmál snúast um fólk. Það gerir þau svo áhugaverð. Þau snúast um að finna lausnir á úrlausnarefnum, að auðvelda líf fólks, gera samfélagið réttlátara og framtíðina bjartari fyrir okkur og komandi kynslóðir.

Úrlausnarefnin eru mörg. Það fáum við, sem erum í stjórnsmálum, að heyra frá öllu því fólki sem við hittum á leið okkar um lífið, hvort sem er í einkalífi eða í gegnum pólitískt starf okkar. Og það eru þessi samtöl, þessar reynslusögur, þessi áköll um breytingar, stórar sem smáar, sem gera stjórnsmálin þess virði að starfa við þau. Og sú tilfinning – sú von – að við getum með aðgerðum okkar og ákvörðunum – hjálpað þeim sem eru hjálpar þurfi.

Þau samtöl sem hvað mest hreyfa við okkur eru samtöl við foreldra og aðstandendur þeirra sem hafa leiðst út í áhættu-hegðun, þunglyndi og kvíða vegna áfallaröskunar. Raunveruleikinn er sá að langflestir hafa á lífsleiðinni orðið fyrir áföllum, sumir í æsku en aðrir síðar. Samtölin sem við höfum átt hafa mörg snúist um hvernig við getum gert betur og skapað umhverfi sem tekur utan um þennan dýrmæta hóp.

Ein leið er hreinlega að fjárfesta verulega í líðan þjóðar, gera andlega líðan jafngilda þeirri líkamlegu og tryggja að allir hafi aðgengi að hjálpi. Og þeirra sem þurfa á þjónustu að halda bíði opinn faðmur og stuðningur í stað endalausra bið-

lista og himinhás kostnaðar.

Og það var nákvæmlega þetta sem vakti fyrir þingflokki Viðreisnar þegar hann lagði fram mál ásamt þingmönnum úr öllum flokkum um að hefja niðurgreiðslu á sálfræðiþjónustu og annarri klínískri samtalsmeðferð. Frumvarpið var samþykkt einróma, vilji löggjafans var skýr og við fylltumst bjartsýni á að við værum að fjarlægjast pólitískar átakalínur. Þegar hins vegar kom að því að tryggja fjármagn reyndist ekki vilji hjá ríkisstjórnarflokkunum að fylgja málinu eftir.

Skortur á aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu er lífshættulegur. Það segir tölfraðin okkur og reynslan. En þannig þarf það ekki að vera. Þjóðin á betra skilið en ríkisstjórn sem þorði ekki pólitískt að hafna góðu frumvarpi í þingsal. En ætlar sér svo ekki að klára verkefnið. Enda ekki „þeirra mál“. Í nýrri ríkisstjórn með Viðreisn innanborðs verður þetta mál klárað. Því getum við lofað. Í því felast almannahagsmunir.



DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is
www.dfs.is

Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Menningarverkefni

Bætt **menning**, **velferð** og **samstarf**
svo lífsgæði eflist og mannlíf á
Suðurlandi blómstri

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með
aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni**
og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur** og **úthlutunarreglur** sjóðsins á www.sass.is

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 5. OKTÓBER, KL. 16:00



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland.
Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum
SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.



STYRKIR@SASS.IS



S. 480-8200



WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Fjármála- og trygginga- ráðgjöf á einum stað í útibúum Arion banka

Þú getur hitt ráðgjafa frá Verði í
útibúum Arion banka á Höfða,
Smáratorgi, Selfossi og í Borgarnesi.

Pantaðu fund í útibúi eða fjarfund
á arionbanki.is.





Ragnheiður Alda, Vilhelm Bjartur, Markús Magni og Baltasar Örn afhenda Garðari Birkifræin.

Dagur íslenskrar náttúru hjá Heklukoti

Leikskólinn Heklukot er fimm deilda leikskóli á Hellu með um 75 nemendur. Við vinnum eftir stefnu Skóla á grænni grein og höfum fengið Grænfánann í fimm skipti og stefnum að því að fá þann sjötta í vor.

Mikið er unnið með umhverfið í huga í öllu okkar starfi í leikskólanum. Við erum dugleg að flokka allan úrgang, matarafgangar eru gefnir hænum

og settir í molu sem ekki nýstast hænunum, Ríkki endurvinnslu-hvolpur skiptist á að fara heim með börnunum yfir helgi og þannig myndast tenging á milli heimilis og leikskóla tengd grænfánanum.

Elsti árgangurinn fer í hverri viku í útikennslu og er leynistaðurinn okkar mikið notaður. Þar er farið í leiki tengda stærðfræði og málörvun, einnig er gróðurinn í

umhverfinu skoðaður og hvernig náttúran breytist eftir árstíðum. Börnin fá einnig tækifæri til þess að nota ímyndunarafl og úr verða margir skemmtilegir leikir sem þau eiga frumkvæði af.

Í tilefni af degi íslenskrar náttúru fimmtudaginn 16. september síðastliðinn var ákveðið að fara út og safna birkifræjum á leynistaðnum okkar. Elstu þrír árgangarnir fóru út með taupoka sem

saumaðir voru í leikskólanum úr afgangsfni.

Áður en lagt var af stað að safna birkifræjum var farið yfir það með börnunum hvernig best væri að safna fræjunum og setja í taupoka. Best er að safna birkifræjum seint í september eða í október. Oft er mest af fræi á ungum trjám og er það góð regla að safna af kröftugum og fallega vöxnum trjám. Garðar Þorfinns-

son hjá Landgræðslunni kom svo daginn eftir og afhentum við honum birkifræin sem börnin söfnuðu.

Þegar elstu börnin útskrifast úr leikskólanum á vorin gefur Landgræðslan börnunum eina birkiplöntu sem þau geta gróðursett heima hjá sér og fylgst með vaxa og dafna.

F.h. grænfánanefndar Heklukots, Hrafnhildur Andrésdóttir

Vetrarstarfið fer aftur af stað hjá FEB Selfossi

Vetrarstarf FEBSEL er að fara í gang eftir talsvert hökt frá því í mars 2020. Stundaskráin er birt í Dagskránni og verður nánar kynnt í Mörkinni „Opnu húsi“ fimmtudaginn 30. september næstkomandi kl. 14:45. Í boði eru á þriðja tug viðburða. Áhersla er lögð á fjölbreytta heilsuhreyfingu þar sem allir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Í Mörkinni verður boðið upp á léttar æfingar. Árborg kemur myndarlega að bættri lýðheilsu eldra fólks með því að standa að styrktaræfingum inni í nýja íþróttahúsinu sem senn verður tekið í notkun. Undanfarið hafa æfingar verið utandyrá á íþróttavellinum undir stjórn þjálfara. Stefnt er að því að verkefnið verði í anda „heilsuefingar Janusar“, Umf. Selfoss mun koma að þróun og skipulagi hennar. Skólastjórar grunnskólanna á Selfossi hafa opnað á afnot af smíðastofum skólanna fyrir ýmiss konar handavinnu. FEBSEL er afar þakklátt fyrir þá vinsemið sem yfirstjórn félagsþjónustunnar og skólastjórar hafa sýnt í þessu máli. Hugmynd hefur verið komið til félagsþjónutu Árborgar þess efnis að Bygðasafn Árnæssýslu gefi sjálfbæðaliðum í hópi eldra fólks kost á að koma að verkefnum sem þeim hæfir og til falla í hinum glæsilegu húsum á Eyrarbakka. Í hópi eldra fólks er margt handlagið fólk sem gæti varið

hluta af tíma sínum í að lagfæra muni og ýmislegt annað gert. Ef vel tækist til gæti þetta verið angi af því sem nefnist „Karlar í skúrum“ þar sem áhugasamt eldra fólk gefst kostur á að koma

saman og hafa félagsskap.

Starfsemi félags með um 750 félagsmenn er umfangsmikil og mörg eru handtökin. Margir koma að félagsstarfinu með framlagi í nefndum og hópum

sem skipuleggja tómtunda- og félagsstarfið. Öllu því fólki er þakkað fyrir þeirra framlag. Stundaskrá FEBSEL gefur þeim sem eru 60 ára og eldri, og ekki eru í félaginu, tilefni til að gerast

félagar. Árgjaldið er 3.500 krónur að viðbættu innheimtugjaldi. Hægt er að sækja um á heimasíðu febsel.is.

Þorgrímur Óli Sigurðsson, formaður FEB Selfossi.

Haust	STUNDASKRÁ FÉLAGS ELDRI BORGARA SELFOSI - HAUST 2021				
Kl.	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
09:00	Glerlist (ES)	Glerlist (ES)	Pappír... pappír (DÞ) S1	Glerlist (ES)	
09:30	Fornsögur M1				
10:00	Gönguhópur (Ágústa)	Stólaleikfimi (MC) M2	Öndvegisbókmenntir M1	Stólaleikfimi (MC) M2	Ringó (Vallaskóli)
10:30	Krossgátukaffi S2	Pútt (HA)		Gönguhópur (BG)*	
11:10	Qigong (BG) M2		Stólajóga (BG) M2		
11:20			Boccia (Gb) M2	Boccia (Gb) M2	
12:00	Bridge S2			Bridge S2	
13:00		Tálgað í tré (HÞ) S1	Myndlist (GG) S1	Frjáls spil M1	
13:00	Hannyrðir (GG) M3	Glerlist (ES)	Perlusaumur (RV) S2	Hannyrðir M3	
13:00	Leiklestur (MJM) M1	Félagsvist M1			
13:30					
14:45	Tréskurður ?			OPIÐ HÚS M1 með dagskrá frá kl. 14:45	
15:00				Kaffi + meðlæti kr. 1000.	
16:00			Hörpukórinn M2	Molakaffi kr. 200.	
17:00		Zumba (MC) M2		Zumba (MC) M2	
17:30				Línudans f. byrj. (ÞK) M2	
18:10				Línudans f. vana (ÞK) M2	
		Íþróttavöllur og nýja íþróttahúsið		Fimmtudagur	
		Þriðjudagur		Styrktarleikfimin 10:30	
				Styrktarleikfimin 10:30	

* Rúta frá Guðm. Tyrfrings fylgir hópnum.

Fyrsta opna hús er 30. september.

Bridge og snóker er spilað flesta daga.

Fjöldi námskeiða fer eftir þátttöku.

Stundataflan er birt með fyrirvara um breytingar.

M1=Mörk aðalsalur - M2=Mörk íþróttasalur - S1=Salur 1 - S2=Salur 2 - M3=Matsalur

Öll námskeiðin eru haldin í Grænumörk 5, nema annað sé tekið fram.





Fyrirtækjaráðgjafi

Arion banki á Selfossi leitar að öflugum starfsmanni í starf fyrirtækjaráðgjafa. Við viljum fá til liðs við okkur fólk sem hefur áhuga á að sinna krefjandi verkefnum og hefur ánægju af því að veita framúrskarandi þjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Að veita fyrirtækjum og húsfélögum þjónustu, tæknilega aðstoð og ráðgjöf um helstu þjónustupætti bankans
- Er ráðgefandi í lánamálum sem hann vinnur náið með fyrirtækjateymi svæðisins
- Að framfylgja þjónustu- og sölustefnu bankans hverju sinni
- Ýmis önnur verkefni í samráði við yfirmann

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf og/eða reynsla og þekking á fyrirtækjamálum
- Þjónustulund og gott viðmót
- Frumkvæði, söludrifni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð tölvukunnátta og áhugi á stafrænum lausnum

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Sædis Íva Elíasdóttir útibússtjóri**, iva.eliasdottir@arionbanki.is og **Elísabet Hilmarsdóttir mannauðsráðgjafi**, elisabet.hilmarsdottir@arionbanki.is.

Umsóknarfrestur er til **26. september 2021**. Sótt er um starfið á arionbanki.is/storf.



Arion banki er skráður á aðallista Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál. Arion banki er jafnlaunavottaður en það felur í sér formlega staðfestingu á því að fagleg vinnubrögð séu til staðar við ákvörðun launa og að starfsfólki í jafn verðmætum störfum sé ekki mismunað.



Árborg innleiðir stafrænar lausnir Ajour

Í Sveitarfélaginu Árborg búa u.þ.b. 11.000 íbúar og er Árborg eitt það sveitarfélag sem vex hvað hraðast þegar kemur að eflingu innviða. Á árinu 2021 ákvað Árborg að fara í þá vegferð að innleiða stafrænar lausnir fyrir öll sín verkefni sem og gæðastjórnun. Í dag, 6 mánuðum seinna, er sveitarfélagið Árborg að innleiða stafrænar lausnir með Ajour System-kerfinu.

Framtíðarsýn fyrir komandi byggingaverkefni er að allir þeir sem taki að sér verk á vegum Árborgar muni vinna í gegnum vettvang (e. platform) Ajour. Með því fyrirkomulagi munu allar upplýsingar er viðkoma

verkefnum Árborgar vera í eigu sveitarfélagsins, sem er mikilvægt að hafa þegar kemur að framtíðarrekstri bygginganna.

Rekstur og viðhald eigna

Árborg rekur u.þ.b. 55 byggingar og fer sá fjöldi ört vaxandi. Í þágu þess að geta haldið utan um viðhaldssögu bygginganna verður AjourInspect notað. Allt viðhald verður þannig skráð og því fylgt eftir innan vettvangs AjourInspect. Þannig verður allt viðhald á öllum eignum þeirra skráð og aðgangur að því og allar tölulegar upplýsingar eru á einum stað sem auðveldar og einfaldar allt framtíðar viðhald.



Nei, ráðherra sýnt að nýju hjá Leikfélagi Hveragerðis

Nú í lok september tekur Leikfélag Hveragerðis aftur til sýninga gamanfarsann Nei ráðherra, eftir breska leikskáldið og ókrýndan konung farsanna Ray Cooney. Leikstjóri er Örn Árnason en þýðandi var snillingurinn Gísli Rúnar Jónsson. Sýndar voru 6 sýningar sl. vor við frábærar undirtektir. Nei, ráðherra er farsí af bestu gerð en nýi ráðherrann í ríkisstjórn Kötu Jak er heldur búinn að koma sér í vandræði á herbergi sínu á Hótel Borg og fær aðstoðarmann sinn til að hjálpa sér að sópa málinu undir teppið, en það mistekst hrapallega og úr verður misskilningur á misskilning ofan, ekki bætir starfsfólk hótelsins, sem er eiginlega of hjálplegt, úr skáki

Hvort að þetta sé raunsönn lýsing á venjulegum vinnudegi ráðherra veit ég ekki, en kannski einhver ráðherra hafi lent í þessu!



Sýningar eru áætlaðar:

24. og 26. september
1. og 2. október
7. og 10. október

Sýnt er í Leikhúsinu Austurmörk 23 og hefjast allar sýningar kl.19.30. Ath. breyttan sýningartíma. Miðapantanir eru í síma 896 8522 milli kl. 14 og 20 alla daga. Miðaverði er stillt í hóf.



Fegurstu garðarnir í Hveragerði 2021

Viðurkenningar fyrir fegurstu garða Hveragerðisbæjar voru veittar nýverið með hófstílltum hætti í ljósi takmarkana vegna heimsfaraldurs. Umhverfisnefnd hafði þann háttinn á við valið að kallað var eftir tilnefningum frá bæjarbúum auk þess sem nefndarmenn komu með góðar tillögur. Að því loknu var farið í vettvangsferð og tilnefndir garðar skoðaðir. „Það er ljóst að mikill áhugi er á gróðri og görðum í bæjarfélaginu og fjölmargir leggja ríkan metnað í að fegra sitt nánasta umhverfi, því var valið erfitt eins of oft er þegar margir góðir kostir eru í boði,“ segir í tilkynningu frá Umhverfisnefnd Hveragerðisbæjar.

Eftirtaldir hljóta viðurkenningu Hveragerðisbæjar fyrir fegurstu garðana árið 2021:

Laufskógar 9, eigendur eru Inga Jóna Heimisdóttir og Ársæll B. Ellertsson.

Í garðinum sem er staðsettur í elsta hluta bæjarins má sjá afrakstur mikillar vinnu og endurbóta. Í honum er stór og ræktarlegur grænmetisgarður auk þess sem í garðinum má sjá fjölmargar skemmtilegar tegundir plantna sem dafna vel. Margt í garðinum kemur úr eigin ræktun eigenda.

Hraunbær 53, eigendur eru Sesselja Ólafsdóttir og Gunnar Berg Sigurjónsson.

Garðurinn er nýlegur og ljóst að mikil vinna hefur verið lögð í smæstu smáatriði. Þrátt fyrir að pallar séu stórir þá nýtur gróður sín afar vel og er hann bæði fjölbreyttur og ræktarlegur. Öll umhirða er til einstakrar fyrirmyndar.

Varmahlíð 17, Varmi gistiheimili, eigendur Sigfríður Sigurgeirsdóttir og Torfi Smári Traustason.

Viðurkenning er veitt fyrir einstaklega fallegt og hugmyndaríkt umhverfi fyrirtækis. Í garðinum umhverfis gistiheimilið er hlúð að öllum smáatriðum og gaman að sjá að eigendur hafa sjálfir til dæmis steipt bekk og gróðurker auk þess að hafa komið upp suðrænni paradís á lóðinni. Það er augljóst að þarna er hugsað um að garðurinn sé mikilvægur hluti rekstrarins og ljóst að gestum er þarna búin sérlega góð aðstaða, bæði úti og inni.



Uppbyggingarsjóður Suðurlands - hefur opnað fyrir umsóknir!

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð Suðurlands, um er að ræða haustúthlutun 2021. Sjóðurinn hefur það hlutverk að veita verkefnastyrki á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og menningar á Suðurlandi. Í flokki atvinnuþróunar og nýsköpunar eru það atvinnuskapandi og/

eða framleiðni aukandi verkefni sem eiga kost á stuðningi ásamt nýsköpunarverkefnum sem efla fjölbreytileika atvinnulífs. Í flokki menningar er markmið að verkefni efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi.

Uppbyggingarsjóður Suðurlands byggir á Sónarátöllum Suðurlands 2020-2024. Umsækjendum er því bent á að kynna sér vel úthlutunarreglur sjóðsins, áherslur, markmið og mat á umsóknum. Sjóðurinn er samkeppnissjóður sem þýðir að vel mótuð verkefni, skýrar og góðar umsóknir, eru líklegri til að hljóta styrki.

Umsóknir fyrir verkefni í sjóðinn geta uppfyllt eina eða fleiri áherslur sjóðsins en skilyrði er að öll verkefni uppfylli að lágmarki markmið sjóðsins í þeim flokki sem það tilheyrir, menningu eða atvinnu- og nýsköpun. Ráðgjafar SASS eru staðsettir á sex stöðum á Suður-

landi og aðstoða við mótun verkefna og veita ráðgjöf. Við bendum einnig á ráðgjafasíðu SASS, þar sem er að finna leiðbeiningar um umsóknarskrif.

Allar umsóknir þurfa að berast rafrænt í gegnum umsóknarvef sjóðsins. Umsækjandi þarf að skrá sig inn á umsóknarformið með íslykli eða með rafrænum skilríkjum. Ef sótt er um í nafni lögaðila s.s. fyrirtækis, stofnunar eða félagsamtaka þarf viðkomandi lög-

aðili að skrá sig inn með íslykli eða rafrænum skilríkjum þess lögaðila en ekki einkaaðgangi verkefnastjóra. Athugið að ekki er hægt að breyta kennitölu og nafni umsækjanda eftir að umsókn hefur verið stofnuð.

Umsækjendur eru hvattir til að hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð og leiðbeiningar við gerð umsókna. Hægt er að fá upplýsingar um ráðgjöfina á vefsíðu SASS, eða bóka tíma í ráðgjöf.



Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi fyrir kosningar til Alþingis 25. september 2021



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Atkvæðagreiðsla á skrifstofum sýslumanns og hjá sérstökum kjörstjórum

Hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá sérstökum kjörstjórum á áður auglýstum opnunartíma.

Síðustu viku fyrir kosningar verður opnunartími lengdur á skrifstofum embættisins sem hér segir:

Selfoss, Hörðuvellir 1:

- 20. - 24. september kl. 09:00-18:00.
- Kjördagur, 25. september kl. 10:00-12:00.

Hvolsvöllur, Austurvegur 6:

- 20.-22. september kl. 09:00-16:00.
- 23.-24. september kl. 09:00-18:00.
- Kjördagur, laugardagurinn 25. september kl. 10:00-12:00.

Vík í Mýrdal, Ránarbraut 1:

- 20. -23. september kl. 09:00-16:00.
- 24. september kl. 09:00-18:00.
- Kjördagur 25. september vaktsími 897 1441 opinn milli kl. 10:00-12:00.

Höfn í Hornafirði, Hafnarbraut 36

- 20. -23. september kl. 18:00-20:00 (auk hefðbundins opnunartíma 09:00-15:00).
- 24. september kl. 09:00-17:00.
- Kjördagur 25. september, vaktsími 862 7095, opinn milli kl. 10:00-12:00.

Kjósendur hafi meðferðis persónuskilríki.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi

Þeir sem eiga ekki heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi til embættisins, fyrir kl. 10:00, fimmtudaginn 23. september nk. Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá embættinu og á vefsíðunni www.kosning.is og skal sent á netfangið sudurland@syslumenn.is eða afhent á skrifstofu.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna einstaklinga í sóttkví eða einangrun er auglýst sérstaklega.

Kosning um sameiningu sveitarfélaga

Samhliða kosningum til Alþingis verður kosið um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

Ábyrgð á atkvæði

Vakin er athygli á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila og ber af því kostnað, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra utan sinnar kjördeildar sbr. 2. mgr. 65. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna Covid-19 farsóttarinnar

Einstaklingar sem ekki geta sótt kjörfund á kjördag vegna þess að þeir eru í sóttkví eða einangrun geta greitt atkvæði með tvennum hætti:

1. Í bifreiðakosningu á sérstökum kjörstað.
2. Ef kjósandi getur ekki mætt í bifreiðakosningu er hægt að óska eftir kosningu á dvalarstað að uppfylltum nánari skilyrðum.

1. Bifreiðakosning

Atkvæðagreiðsla á sérstökum kjörstað er fyrirhuguð á eftirtöldum stöðum og tíma:

Selfoss:

Bílastæðakjallari í húsnæði Krónunnar, Austurvegi 5, Selfossi.

Opnunartími:

Miðvikudag og fimmtudag 22.-23. september, kl. 16:00 - 17:00.
Föstudaginn 24. september, kl. 16:00 - 18:00.
Á kjördag, laugardaginn 25. september, kl. 10:00 - 12:00.

Akstursleið

Kjósendum er bent á að kynna sér akstursleið að kjörstað á <https://island.is/covidkosning2021> en um sömu leið er að ræða og við sýnatöku HSU vegna Covid-19 farsóttarinnar.

Höfn í Hornafirði:

Slökkvistöðin, Álaleiru 2, Höfn.

Opnunartími:

Föstudaginn 24. september, kl. 15:00-16:00.
Á kjördag, laugardaginn 25. september, kl. 12:00- 13:00.

Athugið að fyrirkomulag bifreiðakosningar kann að taka breytingum í ljósi þróunar á fjölda einstaklinga í einangrun eða sóttkví. Breytist opnunartími eða fjölgi sérstökum kjörstöðum verða upplýsingar uppfærðar á <https://island.is/covidkosning2021> og Facebook-síðu embættisins, *Sýslumaðurinn á Suðurlandi*.

Leiðbeiningar til kjósenda í bifreiðakosningu

- Kjósandi skal vera einn í bifreið og er óheimilt að opna hurðir eða rúður hennar.
- Kjósandi í bifreiðakosningu má ekki handleika kjörgögn og því skal kjörstjóri veita honum aðstoð við kosningu án þess að nokkur annar sjái. Æskilegt er að kjósandi hafi meðferðis blað og skriffæri til að geta gert kjörstjóra grein fyrir vilja sínum.
- **Hvorki þarf að panta tíma né framvísa vottorði.**
- Um nánari framkvæmd og leiðbeiningar til kjósenda verður unnt að lesa á <https://island.is/covidkosning2021>.

2. Atkvæðagreiðsla á dvalarstað kjósenda

Úrræðið stendur kjósendum sem verða í einangrun eða sóttkví á kjördag til boða sýni þeir fram á að þeir geti ekki kosið í bifreiðakosningu.

- Kjósandi í sóttkví eða einangrun þarf að leggja fram *staðfestingu sóttvarnaryfirvalda* á að hann sé í einangrun eða sóttkví fram yfir kjördag. Vottorð þess efnis má nálgast á *Heilsuveru*.
- Kjósandi í sóttkví þarf auk þess að tilgreina ástæður þess að hann kemst ekki á sérstakan kjörstað (bifreiðakosning). Þessi krafa er ekki gerð til kjósenda sem verða í einangrun á kjördag.
- Hver og einn kjósandi á sama dvalarstað þarf að leggja inn beiðni um heimakosningu. Ekki er nægjanlegt að leggja inn eina beiðni fyrir alla kjósendur á sama dvalarstað.

Beiðni um atkvæðagreiðslu á dvalarstað ásamt staðfestingu sóttvarnaryfirvalda þarf að berast sýslumanni á netfangið sudurland@syslumenn.is í tæka tíð, eða sem hér segir:

- Fyrir kl. 10:00 á kjördag, laugardaginn 25. september, sé dvalarstaður í kjördæmi kjósenda.
- Fyrir kl. 10:00 fimmtudaginn 23. september, sé dvalarstaður utan kjördæmis kjósenda.

Synja má kjósenda um að greiða atkvæði á dvalarstað telji sóttvarnaryfirvöld að atkvæðagreiðslu verði ekki við komið án þess að tefla heilsu kjörstjóra eða annarra í hættu. Sú ákvörðun er endanleg.

Umsókn um heimakosningu vegna Covid-19 og allar nánari leiðbeiningar má nálgast á vefnum <https://island.is/covidkosning2021>.

Vakin er sérstök athygli á því að kjósenda, sem er í einangrun, er heimilt að greiða atkvæði í bifreiðakosningu á sama hátt og þeim sem eru í sóttkví. Heimild stafar frá reglugerð heilbrigðisráðherra og er bundin við þann eina tilgang ferðar að greiða atkvæði á sérstökum utankjörfundarstað.

Kosning um sameiningu sveitarfélaga

Samhliða kosningum til Alþingis verður kosið um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

Ýmsar upplýsingar og eyðublað vegna kosninga má nálgast á eftirfarandi vefsíðum:

- <https://island.is/covidkosning2021>
- www.syslumenn.is
- www.kosning.is
- **Facebook-síðu** embættisins, *Sýslumaðurinn á Suðurlandi*.

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 14 - PPG opinn fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundur
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



Vetrarstarfið
er að hefjast

Mánudagar kl. 13:00

Leiklestur

Þriðjudagar og fimmtudagar
kl. 9:30 og 10:30

Heilsuefning á íþróttavelli

Fim. 30. sept. kl. 14:45

Opið hús

(Handavinna og frjáls
spil frá kl. 13:00.)

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
 S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFÓSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyragæti 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Krani
&
tæki

Kranabíll • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa

Öll almenn jarðvegsvinna
og flutningar

Diddi **Elli**
S. 861 4966 S. 861 6700
fredi@simnet.is

Spái í bolla

Hefur þú áhuga á að vita um
framtiðina, hvað er á næsta leiti?
Upplýsingar í síma 866 6597.

TIL LEIGU

Til leigu ný 3ja herbergja íbúð á
Selfossi fyrir 55 ára og eldri.
Gott aðgengi fyrir hjólastóla.
Geymsla og bílastæði í kjallara
fvlqir. Uppl. í síma 618 1511.

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messa sunnudaginn 26. sept-
ember kl. 11:00. Kirkjukór
Selfosskirkju og Unglingakór
Selfosskirkju syngja, organisti
og stjórnandi Edit A. Molnár,
prestur Arnaldur Bárðarson.
Sunnudagaskóli á sama tíma,
umsjón Sjöfn Þórarinsdóttir
ásamt leiðtogum.
Morgunbænir þriðju-, mið-
viku- og fimmtudaga kl. 9:15.
Kyrrðarstund miðvikudaga kl.
17:00-17:30.

Gaulverjabæjarkirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 26.
september kl. 14:00. Kirkjukórinn
syngur, organisti Haukur Arnarr
Gíslason, prestur Arnaldur
Bárðarson. Aðalsafnaðarfundur
að lokinni guðsþjónustu.

Eyrarbyggjakirkja
Kvöldguðsþjónusta sunnudag-
inn 26. september kl. 20:00.
Kirkjukórinn syngur, organisti
Haukur Arnarr Gíslason, prestur
Arnaldur Bárðarson.

Skálholtsskirkja
Messa kl. 11. Prestsþjónustuna
annast sr. Axel Á Njarðvík.
Organisti Jón Bjarnason. Verið
velkomin.

Strandarkirkja
Sunnudagurinn 26. september
2021. Uppskerumessa kl. 14:00.
Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir
þjónar og Kór Þorláksskirkju
leiðir safnaðarsöng undir stjórn
Esterar Ólafsdóttur. Verum öll
velkomin til kirkju

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyragæti 67, Selfossi, 25. sept-
ember. Biblíulexiur kl. 11 og
guðsþjónusta kl. 12. Eric Guð-
mundsson verður með ræðu.
Verið velkomin.

TIL SÖLU

Kettlingar
Til sölu nokkrir kettlingar.
Afhendast örmerktir, bólusettir
og ormahreinsaðir. Uppl. í síma
649 1066 / 869 0498 eftir kl. 20.

Dekk
Til sölu nýjar 17" álfelgur, gatabíl
5x114,3 mm Nýleg sumardekk.
Passa undir RAV4, Kia, Audi og
fleiri bíla. Uppl. í síma 894 0123.

BÍLAR

SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

Samstilltur og jákvæður
nemendahópur

Fullyrðingin Heilbrigð sál í
hraustum líkama á prýði-
lega við í starfi FSu. Og jafnvel
þótt hún sé sögð á latínu; *Mens
sana in corpore sano* og rakin
til rómverska skáldsins Juvenal
sem uppi var 200 árum fyrir
Krist. Þetta vita þeir sem stunda
göngur og hlaup, sund og jóga
og yfirleitt alla almenna útvist
og hreyfingu. Í íþróttáfangan-
um útivist og fjallgöngur eða
ÍÐRÓÚF02 er hlúð að þessari
grundvallarstaðreind. Þar er
farið í fimm fjallgöngur á önn
afl þess sem ratvísi er kennd,
umgengni við náttúruna og
hvernig á að klæða sig til fjalla.

Þann 8. september síðast-
liðinn gekk hópur nítján nem-
enda FSu á Fimmvörðuháls
undir leiðsögn íþróttakennar-
anna Ásdísar Ingvarsdóttur
og Sverris Ingibjartssonar auk
skólameistarans Olgu Lísu
Garðarsdóttur sem reyndar líka

er íþróttakennari að mennt.
Þetta er alkunn og stórkostleg
gönguleið sem liggur milli Eyja-
fjallajökuls og Mýrdalsjökuls,
um 25 kílómetra löng. Lagt var
af stað frá Skógum kl. 10:00 og
komið niður í Bása í Þórsmörk
klukkan 19:00. Þar beið rúta
sem flutti alsælan hópinn heim.
Að sögn Sverris íþróttakennara
var veðrið í byrjun með besta
móti, sól og hægur vindur „en á
hæsta hluta leiðarinnar mættum
við þoku með súld. Á Morins-
heiði gengum við svo niður úr
þokunni og þá blasti við feg-
urð Goðalands og Þórsmörk.“
Sverrir lagði líka áherslu á það
hversu samstilltur og jákvæður
nemendahópurinn var og all-
ir svo þakklátir og glaðir í lok
göngunnar sem gerði stemn-
inguna í ferðinni einstaka. Það
verður seint ofsagt að vettvangs-
ferðir í námi nemenda, af hvaða
tagi sem er, eru mikilvægar. -jöz

Fræðslunefnd Árborgar fjallar
um málefni talmeinafræðinga

Á 36. fundi fræðslunefnd-
ar var fjallað um erindi
sem barst frá þremur nemum í
talmeinafræði við Háskóla Ís-
lands.

Þar er fjallað um skerðingu
á starfsfrelsi nýrra talmeina-
fræðinga í kjölfar handleiðslu-
tímabils þar sem Sjúkra-
tryggingar Íslands (SÍ) meina
þeim greiðsluþátttöku ríkisins
nema að þeir hafi tveggja ára
starfsreynslu hjá hinu opinbera.

Fræðslunefnd tók undir
athugasemdir nemanna og tel-
ur það vera óeðlilegt að skerða
starfsfrelsi nýútskrifaðra tal-
meinafræðinga gagnvart starfi
fyrir Sjúkratryggingar Íslands.
Vegna skorts á talmeina-
fræðingum víða um land birt-
ist þetta í löngum biðlistum og
skertri þjónustu við börn sem
glíma við málþroskavanda.

Í sama erindi var bent á að
auka þurfi rými fyrir ráðningu
talmeinafræðinga við leik- og

grunnskóla sveitarfélagsins.
Það væri skólunum í hag að
hafa talmeinafræðinga í starfi
eins og þroskaþjálfara, iðjuþjálfara
og aðra fagaðila.

Sviðsstjóri upplýsti á fund-
inum að nú séu þrír talmeina-
fræðingar í starfi hjá skóla-
þjónustu Árborgar í samtals
1,8 stöðugildum og til staði
að fjölga þeim meira á næstu
árum í takt við fjölgun nem-
enda. Sama erindi var nýlega
rætt á samráðsfundi sviðsstjóra,
deildarstjóra skólaþjónustu og
skólastjóra, m.a. um mögulega
fjölgun fagstétta í grunnskólum
sveitarfélagsins.

Fundarmenn voru sammála
um að bæði iðjuþjálfar og tal-
meinafræðingar gætu verið góð
viðbót við stoðþjónustu hvers
skóla. Nú þegar er til að mynda
góð reynsla af því að vera með
iðjuþjálfara í starfi í Sunnu-
lækjarskóla.

Nýir sérfræðingar ráðnir á HSU á Selfossi

Tveir nýir sérfræðingar hafa verið ráðnir til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og mun starfsaðsetur þeirra vera á Selfossi. Báðir hófu störf 1. september sl. Annarsvegar er það Hjörtur Haraldsson, sérfræðingur í fæðinga- og kvensjúkdómalækningum og hinsvegar er það Vignir Sigurðsson, sérfræðingur í barnalækningum með áherslu á meltingarsjúkdóma barna.

Hjörtur Haraldsson er sérfræðingur í fæðinga- og kvensjúkdómalækningum. Hann mun sinna starfi kvensjúkdómalækneis á Selfossi. Hjörtur útskrifaðist frá Læknadeild Háskóla Íslands árið 2010 og starfaði sem kandiðat og deildarlæknir á Sjúkrahúsinu á Akureyri til vorsins 2012. Hann flutti til Danmerkur og sérhæfði sig í kvensjúkdómalækningum á sjúkrahúsinu í Óðinsvéum eftir styttri stopp í skurðlækningum og svæfingalækningum. Meðfram sérnámi sínu hefur hann verið virkur í klínískri vinnu á heilsugæslum víðs vegar á Íslandi og í Noregi, ásamt því að sinna ýmsum aukavöktum á fjölbreyttum deildum um alla Danmörku. Hann kláraði sérhæfingu sína í fæðinga og kvensjúkdómalækningum vorið 2019 og var eftir það fastráðinn á teymi almennra kvensjúkdómalækna-



Hjörtur Haraldsson

inga Háskólasjúkrahússins með áherslu á blæðingavandamál og vöðvahnúta. Hann er einnig með töluverða reynslu í greiningu á endómetríósu og tilheyrði þverfaglegu teymi sjúkrahússins um málefni og meðferð trans einstaklinga. Hjörtur mun einnig vinna á Bráðamóttöku HSU á Selfossi og eftir atvikum vinna á öðrum stöðvum upptökusvæðis HSU næstkomandi misseri. Hjörtur er giftur Guðrínu Geirsdóttur húsmóður og saman eiga þau tvö syni.

Vignir Sigurðsson er sérfræðingur í barnalækningum með áherslu á meltingarsjúkdóma barna. Hann mun sinna almennum barnalækningum og vinna að því að færa sérfræðipjónustu barnalækna nær fjölskyldum á Suðurlandi. Vignir er uppallinn í Hveragerði, kvæntur Ingibjörgu Sigurðardóttur



Vignir Sigurðsson

kennara og eiga þau saman þrjú börn. Hann útskrifaðist frá Læknadeild Háskóla Íslands árið 2011. Fluttist til Gautaborgar í Svíþjóð árið 2013 og hóf sérnám í barnalækningum á Sahlgrenska sjúkrahúsinu ásamt doktorsnámi við Gautaborgarháskóla. Guðmundur Vignir lauk sérnáminu árið 2019 og starfaði eftir það áfram á meltingardeild barna samhliða doktorsnámi sem lauk með doktorsprófi í barnalækningum með áherslu á meltingarsjúkdóma barna vorið 2021.

„Það er mikið fagnaðarefni að fá þá til starfa á Heilbrigðisstofnun Suðurlands og mun efla til muna sérhæfða lækniþjónustu sem HSU veitir á Suðurlandi. HSU býður þá hjartanlega velkomna til starfa og óskar þeim velfarnaðar á störfum sínum hjá stofnuninni“, segir í tilkynningu.

Skólastarfið fer vel af stað í Stekkjaskóla

Skólastarfið hefur farið vel af stað í Stekkjaskóla, sem nú er til húsa í frístundaheimilinu Bifrost. Stefnt er að því að skólinn flytji í nýtt húsnæði í október.

Miklar byggingaframkvæmdir hafa verið við Heiðarstekk en þar er verið að ganga frá 10 fær-anlegum kennslustofueiningum, skólalóð og rúmgóðum gangi á milli þeirra.

Fyrsti áfangi hins nýja skóla verður svo tekinn í notkun haustið 2022. Mikil tilhlökkun er hjá nemendum og starfsfólki gagnvart hinu nýja húsnæði sem verður hið glæsilegasta.

Meðfylgjandi drónamyndir tala sínu máli en þær voru teknar af Rúnari Sveini Valgeirssyni fimmtudaginn 9. september síðastliðinn. Þar sést m.a. hvað framkvæmdum við framtíðarhúsnæði Stekkjaskóla miðar vel áfram. Búið er að steypa upp hluta af 1. hæð skólans þar sem verða kennslurými, list- og verkgreinastofur, frístund, eldhús, matsalur og samkomusalur. Á efri hæðinni verða einnig kennslurými, starfsmannaaðstaða, skrifstofur og fleira.



BREYTINGAR Á DREIFINGU DAGSKRÁRINNAR

Frá og með 1. september nk. verður Dagskránni ekki lengur dreift inn á hvert heimili á Suðurlandi.

Leiðir til að fá Dagskrána

- 1 Í blaðakössum á Selfossi, Hveragerði, Þorlákshöfn, Stokkseyri og Eyrarbakka.
- 2 Í öllum helstu þjónustustöðum á Suðurlandi. Öllum helstu matvöruverslunum og bensínstöðvum ásamt fleiri þjónustustöðum.
- 3 Send heim að dyrum. Hægt er að sækja um þjónustuna inni á dfs.is/dreifing eða í síma 482 1944. Þú greiðir póstburðargjaldið og færð blaðið inn um lúguna í hverri viku.

Hægt er að lesa nánar um breytingar á dreifingarmálum Dagskrárinnar í fréttatilkynningu sem birt var á dfs.is.



Sliti forðað á stofnstreng við Jökulsá á Sólheimasandi



Frá framkvæmdum Vegagerðarinnar við nýja tvíbreiða brú yfir Jökulsá á Sólheimasandi. Rauði hringurinn í vatnslagnum sýnir hvar stofnstrengurinn liggur undir ána. Mynd: RARIK.

Í síðustu viku tókst að koma í veg fyrir rafmagnsleysi í Vík og sveitunum í kring vegna yfirvofandi hættu á að stofnstrengur RARIK undir Jökulsá á Sólheimasandi slitnaði.

Á síðasta ári var lokið við að leggja 36 kV stofnstreng til Víkur í Mýrdal frá flutningskerfi Landsnets á Landeyjasandi. Þessi strengur leysti af hólmi loftlínu sem áður sá um raforkuafhengingu til Víkur og nágrennis og sem hafði oft valdið usla í vondum veðrum. Alla jafna bila strengir síður en loftlínur, en hreyfing á jarðvegi, gróftur, flóð og slíkt geta þó valdið því að strengir skemmast. Umræddur stofnstrengur þverar meðal annars Jökulsá á Sólheimasandi en hann var

ásamt ljósleiðara lagður á þriggja metra dýpi undir botn árinna.

Um þessar mundir er Vegagerðin að byggja nýja tvíbreiða brú yfir ána og hefur sú framkvæmd haft í för með sér efnisflutninga í ánni. Þessir efnisflutningar og miklir vatnavextir vegna úrkomu virðast hafa grafið frá strengnum og ljósleiðaranum sem með honum liggur. Í vikunni urðu menn varir við að ljósleiðarinn var tekinn að færast til sem endaði á því að hann slitnaði. Ljóst var að þetta skapaði mikla hættu á að stofnstrengurinn færi sömu leið. Því

var strax farið í að tryggja nægilegt varaafli fyrir Vík og sveitirnar í kring ef strengurinn myndi slitna auk þess sem undirbúin var lagning á nýjum strengbút í stað þess sem liggur undir skemmdum í ánni. Færanleg vél var send til Víkur og í gær hófust svo framkvæmdir við að leggja nýjan strengbút og tengja við kerfið. Starfsmenn RARIK á Suðurlandi unnu að þessu verki í um sólarhring og voru keyrðar varavélar í Vík þannig að enginn varð rafmagnslaus meðan á aðgerðum stóð. Kerfið var komið í eðlilegan rekstur um kl. 7 daginn eftir.

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gísthús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson Vilmundur Sigurðsson
Sími 694 4922 Sími 779 6777

D+H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Hjólbarðapjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Sprettur ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
okuland.is

TAXI

VIÐ ÖKUM YKKUR
HVERT SEM ER.

Á.R. TAXI, SELFOSSI
SÍMI 482 1333

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþiðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
Sími 480 8020

Jiibbiíi
Siggafærðir


- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf

Þípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

BRAC AF VINÁTTU!

Fæst hjá BYKO Selfossi

HREINGERINGA-ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is